

Breyttur eftir erfiða reynslu

Gústaf Gústafsson í Bolungarvík hefur að líkindum kynnst krabbameini betur en flestir aðrir. Hann deilir lífsreynslunni með lesendum BB.

— sjá bls. 36-38



Hér á ég heima!

Anna Gunnlaugsdóttir er Eyfirðingur að uppruna, fædd á Brattavöllum á Ársskógsströnd, en hefur búið á Ísafirði frá því hún var rétt að fylla átján árin haustið 1964. Þá kom hún til að stunda nám í Húsmæðraskólanum Ósk, kynntist eiginmannsefni sínu, Ólafu Njáli Guðmunssyni og hér er hún enn, fjórum börnum, tólf barnabörnum og einu langömmubarni seinna. BB kíkti í heim-sókn til hennar á Urðarvegin og fékk að heyra af uppvextinum, tilhugalífinu, og fólkinu í lífi hennar sem var tekið svo ungt og án fyrirvara.



— sjá bls. 40-43.



Óháð fréttablað á Vestfjörðum BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 19. desember 2013 · 50. tbl. · 30. árg. · Ókeypis eintak



Gleðilega hátíð!

...fyrir BÍLINN

...fyrir BÁTINN

...fyrir HEIMILIÐ

...fyrir FAGMANNINN

...fyrir PIÐ !



VERSLUN

SINDRAGÖTU 12

HANKOOK
driving emotion



KORNADEKK

I*CEPT W606

Nýtt umhverfisvænt kornadekk frá Hankook.

Hankook fyrir allar gerðir ökutækja!

BÍLAVERIÐ ehf.
Sindragötu 14 · S: 456 3501



750 KR.

OG EIMSKIP FLYTJANDI KEMUR
JÓLAPÖKKUNUM TIL SKILA

Viðtakandi fær tilkynningu þegar sækja má sendingu.
Hámarksstærð pakka er 0,5 x 0,5 x 0,5 m og
hámarksþyngd 45 kg.

EIMSKIP
Flytjandi

| www.flytjandi.is | sími 525 7890 |



Seljalandsvegur 102 tekinn eignarnámi

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt tillögu bæjarráðs þess efnis að húseignin að Seljalandsvegi 102 (Engi) verði tekin eignarnámi. Sveitarfélagið hefur um nokkurt skeið rætt við eigendur fasteignarinnar og eigendur Seljalandsvegs 100 (kúlúhússins

svokallaða), um kaup á eignunum vegna ofanflóðavarna neðan Gleiðarhalla. Í tillögu bæjarráðs er einungis vísað til fasteignarinnar að Seljalandsvegi 102. Vegna ágreining um fjárhæð eignarnámabóta er ákvörðun um þær vísað til matsnefndar eignarnámabóta

í samræmi við lög um framkvæmd eignarnáms. Ísafjarðarbær áskilur sér rétt til að taka umráð hins eignarnúnda í samræmi við ákvæði þessara sömu laga.

Í samtali við BB í byrjun desember sagði Þorbjörn H. Jóhannesson eigandi og íbúi að Selja-

landsvegi 102. „Húsið var svo sem ekki til sölu, en ég hef ekkert á móti því að þeir fái það. Spurningin er hvað þeir eigi að láta fyrir það.“ Daníel Jakobsson bæjarstjóri sagði aðila sammála um að ekki náist saman um verðið, og ekki fáist úr því skorið nema

með því að vísa til matsnefndar eignarnáms.

„Með vísan til þess gildandi hættumats fyrir Ísafjarðarbæ og samþykkrar tillögu um gerð varnarsvæðis á svæðinu, sbr. m.a. erindi Ísafjarðarbæjar dags. 28. júní sl. til eigenda fasteignarinnar Seljalandsvegur 102, Ísafirði og þess að viðræður um kaup á fasteigninni hafa reynst árangurlausar, neytir bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar heimildar sinnar samkvæmt 4. mgr. 11. gr. laga nr. 49/1997 og tekur hér með fasteignina Seljalandsveg 102 ásamt öllu sem henni fylgir og fylgja ber, þ.m.t. lóðarréttindum, eignarnámi.“

Tveir úrskurðaðir í farbann

Tveir mannanna fimm sem lögreglan á Ísafirði handtók á morgun á laugardag, grunaða um kynferðisafbrot, hafa verið úrskurðaðir í farbann. Mennirnir voru handteknir eftir að lögreglu var tilkynnt um að kynferðisafbrot hefði átt sér stað í húsi á Ísafirði. Ung kona var flutt til skoðunar á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða á Ísafirði þar sem hún naut einnig aðhlynningar.

Mönnunum var sleppt á þriðja tímanum aðfararnótt sunnudags að loknum yfirheyrslum sem höfðu þá staðið yfir frá því síðdegis á laugardag. Mennirnir eru allir erlendir ríkisborgarar. Voru þeir ekki úrskurðaðir í gæsluvarðhald að loknum yfirheyrslum og hafa tveir mannanna enn réttarstöðu sakbornings.

Um hádegisbil á sunnudag úrskurðaði Héraðsdómur Vestfjarða, að kröfu lögreglustjórans á Vestfjörðum, þá báða í farbann til 17. febrúar. Rannsókn málsins hefur miðað vel og hefur lögreglan á Vestfjörðum notið aðstoðar tæknideildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu við tæknilega þætti hennar.

Þorláksmessuskatan Í hádeginu á Þorláksmessu

Verð kr. 3.900- á mann.

**Allir í fjölskyldunni finna eitthvað við sitt hæfi.
Fyrir utan skötuna og úrval tólga, eru á hlaðborðinu
meðal annars saltfiskur, smurbrauð og síld.**

Pantanir og frekari upplýsingar í síma 456-4111


Smurbrauð

Sívinsælu smurbrauðin okkar
eru í boði alla helgina frá 11:00 - 21:00

VIÐ POLLINN

Veitingar á Hótel Ísafirði

Flottir snjallsímar með kaupaukum



Samsung Galaxy S3

Fangar jólaandann í háskerpu.

4G

4.290 kr.

á mánuði í 18 mánuði*

Staðgreitt: 69.900 kr.



GPS 3G



Samsung Galaxy Ace 3

Klár á samskiptamiðlana.

4G

2.990 kr.

á mánuði í 18 mánuði*

Staðgreitt: 49.900 kr.



GPS 3G



Spotify Premium í 1 mánuð og
Netið í símanum í 6 mánuði, allt að
1 GB x 6, fylgja þessum sínum.





Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620
Afgreiðsla og ritstjórn: Silfurgötu 1, Ísafirði, sími 456 4560
Ritstjóri BB og bb.is: Sigurjón J. Sigurðsson, 892 5362, bb@bb.is
Ábyrgðarmenn: Halldór Sveinbjörnsson, Sigurjón J. Sigurðsson.
Blaðamenn: Harpa Oddbjörnsdóttir, 846 7487, harpa@bb.is
Herbert Snorrason, 846-3971, herbert@bb.is
Auglýsingar: Halldór Sveinbjörnsson, 894 6125, halldor@bb.is
Prentvinnsla: Litróf ehf.
Upplag: 2.200 eintök
Dreifing: Íslandsþóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfjörðum
Stafræn útgáfa: www.bb.is / facebook.com/pages/bb.is
Önnur útgáfa: Á ferð um Vestfirði
ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á pósthengið bb@bb.is.
Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánudögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

Ritstjórnargrein

Páfinn, Fjalla-Bensi og Gísli á Uppsölum

Sterkt kann að þykja að orði kveðið, að undir og stórmerki hafi skeð þegar sjálfur páfinn í Róm lýsir yfir að hann ætli að lifa látlausu lífi og forðast þrjálið, sem einkennt hefur embættið, draga úr orðskráðinu um andlegheitin. Ekki nóg með það. Páfinn reiðir til höggs gegn óréttlæti hins alþjóðlega hagkerfis, skurðgoðadýrkun peninga, hins nýja gullkálfs og valdaporsta, sem eigi sér engin takmörk. Allt sé þetta rót óréttlætis og geigvænlegrar misskiptingar á gæðum móður jarðar milli barna jarðar-kringlunnar.

Í meistaraverki sínu, „Aðventu“ lýsir Gunnar Gunnarsson, síðustu leit Fjalla-Bensa að eftirlegukindum á fjarlægum fjallaslóðum, ásamt hundinum Leó, sem Benedikt hvað hinn mesta myndarpáfa, og forystusauðnum Eitli; eftirleit, sem að venju hófst á fyrsta adventusunnudegi og tók jafnan um vikutíma, en stóð að þessu sinni allt fram að kveldi annars dags jóla, er Benedikt komst við illan leik til mannabyggða eftir harðvítuga og tvísýna baráttu við illvíg náttúruöfl við smölun fáeinna flökkukinda, sem þeim félögum fannst að yrðu að komast „heilum og höldnu undir þak áður en hátíðin mikla færðist yfir frónið kalda og kringlu heims og fyllti friði og velþóknun hugi þeirra manna sem hafa ekki legið á liði sínu en lagt sig alla fram.“

Inntak bókarinnar um Gísli á Uppsölum, sem út kom fyrir jólin í fyrra, var áminning um að gæta að okkar minnstu bræðrum. Sjálfur varð Gísli fyrir miklu einelti í æsku, sem hann galt fyrir alla ævi; einstæðingur sem fái vissu um og enginn trúði að nokkur maður byggi við slíkar aðstæður, sem hann, í einu af ríkustu löndum heims, undir lok tuttugustu aldar. Svona var það nú samt, þessi einn af hinum minnstu bræðrum samfélagsins hafði einhvern veginn gleymst, utan alfaravegar.

Fjalla-Bensa fannst sem honum bæri skylda til að koma í veg fyrir að flökkukindurnar króknuðu eða horféllu. Þetta voru jú lífverur gæddar holdi og blóði. Gísli á Uppsölum var boðskapurinn um að gleyma aldrei hinum minnsta bróður, ríkur í huga. „Hamingjan góða hjálpaðu mér. / Hugurinn gleði þráir. / Það er svo margt á móti hér, / en meðlætisdagar fáir,“ var neyðaróp þessa mikla einstæðings. Hugarfarsbreyting páfans er fagnaðarefni. Honum er ekki í kot vísað með Fjalla-Bensa og Gísli á Uppsölum. Flott þrenning.

*

Bæjarins besta sendir lesendum sínum og viðskiptavinum nær og fjær hugheilar óskir um frið og fögnuð á jólahátíðinni og farsæld á nýju ári og þakkar samfylgd á árinu, sem senn kveður.

s.h.

Spurning vikunnar

Hefur árið 2013 verið erfiðara fyrir þig og þína en undanfarin ár?

Alls svöruðu 565.

Já sögðu 290 eða 51%

Nei sögðu 275 eða 49%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.



Læðan afhent í verkmenntahúsi Menntaskólans á Ísafirði.

Orkubú Vestfjarða gefur rafbíl til kennslu

Vélasinnaðir nemar í Menntaskólanum á Ísafirði fá að líkindum í framtíðinni gott tækifæri til að kynna sér hvernig rafbílir virka því Orkubú Vestfjarða afhenti skólanum á föstudag rafbíl sem var í rekstri til skamms tíma og hefur í almannatali gengið

undir nafninu „Læðan“. Orkubúið festi kaup á nýjum rafbíl fyrir í haust, og síðan hefur eldri bíllinn staðið kyrr.

„Okkur fannst tilvalið að Menntaskólinn fengi hann, frekar en að vera að selja hann eitthvert, en þarna fær hann gott framhalds-

líf. Markmiðið er að nemendur geti kynnt sér hvernig þetta lítur út, rífið vélina sundur og sett saman aftur til að kynnst því hvernig þetta virkar.“ Gylfi Guðmundsson innkaupstjóri Orkubúsins.

– herbert@bb.is

Fjárveiting Heilbrigðisstofnunarinnar Patreksfirði færð til Ísafjarðar

Engu fé verður veitt til Heilbrigðisstofnunarinnar Patreksfirði á árinu 2014, samkvæmt breytingartillögum meirihlutans við fjárlagafrumvarp næsta árs. Þannig verður ekki annað séð en að enn sé stefnt að því að leggja stofnunina niður, og bæta rekstri heilbrigðisþjónustunnar á sunnanverðum Vestfjörðum við Heilbrigðisstofnun Vestfjarða sem hefur höfuðaðsetur á Ísafirði.

Fjárframlag sem áður var gert ráð fyrir að yrði veitt til Heilbrigðisstofnunarinnar á Patreksfirði verður þess í stað veitt til

Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða, en að auki verða þrjátíu milljónir lagðar í rekstur stofnunarinnar „til að styrkja rekstrargrunn stofnunarinnar í samræmi við forgangsroðun í þágu heilbrigðisþjónustunnar og til undirbúnings vegna sameiningar stofnana,“ eftir því sem kemur fram í álit meirihluta fjárlaganefndar. Fjárveiting Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða á næsta ári verður þá í heild rúmlega einn og hálfur milljarður.

Áform um sameiningu heilbrigðisstofnana á svæðinu voru

tilkynntar sveitarfélögum með umsagnarbeiðni í byrjun október, en sveitarstjórnir allra fimm sveitarfélaganna á svæðinu hafa samþykkt harðorðar ályktanir gegn sameiningu. Þar er sérstaklega bent á ástand samgangna á svæðinu, en hluti Vestfjarðavegar, sem tengir norðan- og sunnanverða Vestfirði, er í lægsta þjónustuflokki Vegagerðarinnar og verður nær algjörlega ófær drjúgan part ársins. Á þeim tíma er vegalengdin milli staðanna meiri en frá hvorum staðnum um sig til Reykjavíkur.

– herbert@bb.is



Óskum Vestfirðingum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári, með þökk fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða.

Málningarbúðin
Ísafirði

Sindragata 14
400 Ísafirði
Sími: 456 4550



VÍS óskar landsmönnum gleðilegra jóla

FJÖLSKYLDUHÁTÍÐ Í FRÍÐI OG RÓ

Um leið og við þökkum viðskiptavinum okkar samfylgdina á árinu óskum við öllum landsmönnum gleðilegra jóla og farsældar

á komandi ári. Sýnum alúð og aðgát um hátíðirnar og þössum vel hvert upp á annað.
VÍS - þar sem tryggingar snúast um fólk.

VÍS | HAFNARSTRÆTI 1 | 400 ÍSAFJÖRÐUR | Sími 560 5090 | VIS.IS

vís




grísabógur
hringskorinn

nú
799
áður 898 kr/pk



Nautafilé

nú
3.482
áður 3.869 kr/kg



Lambahryggur

nú
1.888
áður 2.098 kr/kg



Kjötsel
Bayonneskinka

20 % afsl.
1.591
áður 1.989 kr/kg

Kjötsel
Hangiframpartur
úrbeinaður



KEA
léttreyktur
lambahryggur

30 % afsl.
2.029
áður 2.898 kr/kg



nú
2.198

Opal
Reyktur- eða
Grafinn lax
1/2 flak



nú
3.190
áður 3.798 kr/kg

FERSKT
ÚR KJÖTBORÐI

jóla
TILBOÐ
VIKUNNA R

*með ósk um
gledilega
hátíð*


Vilt & hátíðlegt á jólaborðið

Rjúpubringur (4stk) **NÚ 1.884** 2.298 kr/pk

Dádýralundir **NÚ 5.936** 6.984 kr/kg

Kengúrufille **NÚ 3.998** 4.998 kr/kg

Skosk rjúpa (350-400g) **NÚ 1.198** 1.498 kr/kg



Tilboðin gilda 19. - 24. desember

Samkaup **úrval**

www.Samkaupurval.is verð eru birt með fyrirvara um villur og eða myndavíxl.

Akureyri · Blönduós · Bolungarvík · Dalvík · Grundarfjörður · Hafnarfjörður · Húsavík · Ísafjörður · Neskaupstaður · Ólafsfjörður · Selfoss · Siglufjörður · Skagaströnd

Fanta Appelsín
2L



nú
199
áður 359 kr/stk

Hátíðarblanda
0,5L



31% afsl.
nú
89 áður 129 kr/stk

Mjólkursúkkulaði
Lindor
200g



nú
798
áður 1.098 kr/pk

Nói
konfekt
800g í lausu



nú
2.798
áður 3.298 kr/pk

Celebrations
388g



nú
898
áður 1.398 kr/pk

Fersk
Bláber
125g í boxi



afsláttur
50%

nú
335
áður 669 kr/pk

Coop
Grænkál
450 g
frosið



nú
199
áður 249 kr/pk

Coop
Gulrætur
smáar 750 g
frosnar



nú
287
áður 359 kr/pk

Coop
Rósarkál
650g



nú
239
áður 299 kr/pk

Coop
blandaðir ávextir
420g



nú
223
áður 279 kr/stk

Coop
Ferskjur
415g/dós



nú
215
áður 269 kr/stk

Coop
Perur
420g



nú
207
áður 259 kr/stk



Sigurður sækist ekki eftir endurkjöri

Samfylkingin mun kanna möguleika á áframhaldandi samstarfi um Í-lista, en í ályktun sem samþykkt var á aðalfundi Samfylkingarinnar í Ísafjarðarbæ, Bolungarvík og Súðavík er stjórn félagsins falið það verk. Ályktunin var samþykkt eftir nokkra umræðu um framboðsmál, en það var almennt mat fundarmanna að samstarf Í-lista hafi gefið góða raun í gegnum tíðina. Á fundinum urðu einnig formannsskipti, en Lína Björg Tryggvadóttir hlaut einróma kjör og tekur því við af Benedikt Bjarnasyni.

Á fundinum tilkynnti Sigurður Pétursson, oddviti Í-listans, að hann hygðist ekki sækjast eftir endurkjöri í vor, en hann hefur leitt Í-listann í síðustu tveimur kosningum. „Mér þykja átta ár alveg mátulegur tími sem bæjarfulltrúi. Það er hollt og gott að stokka upp og koma að nýju fólki, en ég mun halda áfram að berjast fyrir þeim sjónarmiðum sem ég hef barist fyrir hér í bænum og styðja félaga mína til þess að ná enn meiri áhrifum og leiða Ísafjarðarbæ á næstu árum,“ segir Sigurður um þessa ákvörðun sína.



Sigurður Pétursson.

Hann segir að hann muni nú einbeita sér að störfum sínum fyrir Verkalýðsfélag Vestfirðinga og öðrum verkefnum á sviði sagnfræði, og vonast til að geta sinnt þeim af meiri elju en hingað til.

„Ég styð þá ályktun sem samþykkt var á aðalfundinum, að Samfylkingin leiti eftir samstarfi við aðra aðila í bænum, eins og hún hefur gert við síðustu tvær kosningar,“ segir Sigurður. Í-listinn hefur í síðustu tveimur kosningum samanstðið af fulltrúum Samfylkingarinnar, Frjálslyndra,

Vinstri Grænna og óháðum einstaklingum, en á fundinum komu fram skýrar óskir af hálfu fundarmanna að leitað yrði eftir samstarfi við fleiri aðila. Fjöldi nýrra framboða komu fram fyrir Alþingiskosningar í vor, en óvíst er hvort einhver þeirra stefni á þátttöku í sveitarstjórnarkosningum í Ísafjarðarbæ. Lýðræðisvaktin hefur ályktað gegn þátttöku í sveitarstjórn, en bæði Björt framtíð og Píratar hafa lýst yfir áhuga á sveitarstjórnarframboðum.

– herbert@bb.is

Litli leikklúbburinn sviðsetur valdarán

Víkingur Kristjánsson leikari hefur tekið að sér leikstjórn næstu uppsetningar Litla leikklúbbsins sem verður frumsýnt í apríl 2014. Það verður söng- og gamanleikurinn Þið munið hann Jörund, eftir Jónas Árnason, sem fer á fjallirnar í vor. Verkið – eða hið minnsta söngvar þess – ætti að vera kunnugt alþjóð, en það fjallar um danska ævintýramanninn Jørgen Jørgensen sem kom hingað til lands sumarið 1809 sem túlkur kaupmannsins Samuel Phelps en endaði á að steypa danska yfirvaldinu og taka sér konungstign um nokkurra mánaða skeið. Verkið er, eins og áður segir, ekki síst þekkt fyrir tónlistina, en þar eru á ferð þjóðlög frá Bretlandseyjum við texta Jónasar. Aðspurður hvort viðfangsefnið sé til marks um uppreisnargirni leikhópsins segir

Steingrímur Rúnar Guðmundsson, formaður LL, að svo sé ekki. „Litli leikklúbburinn hefur alltaf verið óhræddur við að setja upp mismunandi verk. Við reynum að höfða til breiðs hóps, og hafa stuð og gaman. Annað er tímasóun.“

Áætlað er að hefja vinnu við verkið fljótlega eftir áramót, en Víkingur mun halda leiklistarnámskeið um miðjan janúar sem hluta af námskeiðaröð Litla leikklúbbsins. Er það hluti af námskeiðafernu sem leikklúbburinn stendur fyrir, en í haust var haldið ljósanámskeið. Í framhaldinu verður haldið námskeið í leikhúsförðun, og annað námskeið um tæknileg málefni, en námskeiðin verða auglýst þegar nær dregur. „Við hvetjum fólk eindregið til að hafa samband við okkur ef það hefur áhuga á að



Víkingur Kristjánsson leikari hefur tekið að sér leikstjórn næstu uppsetningar Litla leikklúbbsins.

taka þátt í námskeiðinu og Jörundi. Það leynast alltaf einhverjir sem ganga með það í maganum að fara á svið en eiga bara eftir að stíga skrefið,“ segir Steingrímur.

Nú þegar hefur verið tilkynnt um fyrirætlanir Litla leikklúbbsins árið 2015, en þá stendur til að sýna ísfirka revíu í tilefni hálftrar

aldar afmælis félagsins. Undirbúningur fyrir afmælisfögnuðinn er nú þegar kominn í fullan gang, og fastlega má gera ráð fyrir að hann standi yfir allt næsta ár.

Hátíð ljóss og vonar

Jólin eru önnur af stærstu hátíðum kristinna manna og þeim fylgja ljós og von. Þeim fylgir einnig innspýting í efnahagslífið. Birtingarmynd hennar eru mikil kaup jólagjafa. Þær eru nánast undantekningarlaust gefnar af góðum hug, ástvinum og öðrum sem gefandum þykir vænt um eða hafa tengsl við. Mikilvægasti boðskapur jólanna er tengdur fæðingu Jesú Krists og þeim kærleik sem hann lagði herslu á. Okkur er öllum hollt að muna að menn skuli koma þannig fram við aðra eins og þeir vilja að framkoman sé við þá sjálfa. Velta má því fyrir sér hvort öllum takist það. Flestir kristnir menn þekkja þessi boð og fara oftast eftir þeim. Okkur verður öllum á og þá kemur fyrirgefning til líkt og Kristur boðaði. Jólin eru tími samveru, sem fólk deilir með ástvinum og sínum nánustu. Því er ekki að neita að stundum virðist jólahaldið taka yfir boðskapinn og asinn, streitan og fjárútlátin verða of mikil.

Um jól leiðum við einnig hugann að þeim er minna mega sín. Í samfélagi allsnægt á Íslandi er svo komið að hin norræna velferð nær ekki til allra. Of margir eiga í fjárhagserfiðleikum og geta ekki haldið jól með börnum sínum. Þjóðkirkjan og ýmsir aðrir hafa leitast við að koma til móts við þá sem í þeim sporum

standa. Sóknarprestar þekkja neyðina oft öðrum betur og góðgerðarfélög leggja sitt af mörkum, en ávallt verða einhverjir útundan. Verst kemur það niður á börnum, sem eiga erfitt með að setta sig við að geta ekki fengið jól líkt og önnur börn. Betur megandi leggja margir eitthvað af mörkum, en stundum er það þrautin þyngri að koma því til þeirra sem mest þurfandi eru. Hugsum til þeirra sem ekki geta leyft sér jólahald og reynum að styðja þá.

Þjóðkirkjan á undir högg að sækja úr ýmsum áttum Mörgum er lítill fögnuður að horfa á eftir kennslu í kristnum fræðum út úr grunnskólum. Í nafni jafnréttis hefur Reykjavíkurborg gengið fram fyrir skjöldu í þeirri viðleitni að yta kristni úr skólum undir þrýstingi minnihlutahópa. Til eru önnur úrræði fyrir þá sem ekki aðhyllast kristna trú. Öllu er snúið á hvolf þegar svo er komið að meirihlutinn skuli víkja fyrir smáum minnihlutahópum.

Um jól er gott að fá andrúm til þess að rifja upp kærleiksboðskapinn og muna að virðing fyrir öðrum er ekki fólgin í því að jólahald víki. Megi lesendur njóta jóla og gleðilegs nýs árs, sem færi okkur gæfu og fram á veginn. Samfylgdin á líðandi ári er þökkun.

Stakkur skrifar

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vak- ið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

JÓLAGJAFABRÉF

HÓ HÓ HÓ HÉR KEMUR JÓLI

Fullorðinsbréf: *
18.900 kr.

Barnabréf: **
9.500 kr.

JÓLAGJÖFINA Í ÁR
ER EINUNGIS HÆGT
AÐ KAUPA OG BÓKA Á
FLUGFELAG.IS



FLUGFELAG.IS

VINGUMST: facebook.com/flugfelag.islands

FLUGFÉLAG ÍSLANDS MÆLIR MEÐ ÞVÍ að faðma ættingja og vini sem oftast — sérstaklega um hátíðarnar. Jólagjafabréfið er einmitt rétta gjöfin fyrir þá sem þú vilt sjá oft og líka fyrir þá sem hafa gaman af því að ferðast. Gefðu þeim sem þú elskar vængi og dekraðu síðan við þá með kakói, piparkökum, mandarínnum og safaríkum sögum.

Hægt er að bóka jólagjafaflug frá 27. des. 2013 til 28. feb. 2014 fyrir ferðatímabilið: 5. jan. til 31. maí 2014. Takmarkað sætaframboð. Frá 1. júní til 1. des. 2014 gildir jólapakkinn sem inneign upp í önnur fargjöld.

Nánar um skilmála á flugfelag.is

*Innifalið: Flug fram og til baka og flugvallarskattar. **Fyrir börn á aldrinum 2-11 ára.



FLUGFÉLAG ÍSLANDS



Vestfirðingar!

Gerið jólainnkaupin í glæsilegri og rúmgóðri verslun



Opnunartímar:

21. des.	laugard.
22. des.	sunnud.
23. des.	Þorláksm.
24. des.	aðfangad.
25. des.	jólad.
26. des.	2. jólad.
27. des.	föstud.
28. des.	laugard.
29. des.	sunnud.
30. des.	mánud.
31. des.	gamlársd.
1. jan.	nýársd.
2. jan.	fimmtud.

Ísafjörður


10 - 20
12 - 20
10 - 23
10 - 13
Lokað
Lokað
10 - 20
10 - 20
10 - 20
10 - 20
10 - 12
Lokað
10 - 20

Bolungarvík

12 - 18
12 - 18
10 - 22
10 - 12
Lokað
Lokað
10 - 18
12 - 18
13 - 17
10 - 18
10 - 12
Lokað
10 - 18

Samkaup *úrval*

Samkaup Úrval óskar viðskiptavinum sínum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári



Barnið þitt er á lífi

3.894 kr

Útkall Lífróður


3.733 kr

Hemmi Gunn



4.147 kr

Visindabók Villa




3.309 kr

Meistarasögur



1.995 kr

Skuggasund



4.479 kr

Ein á enda jarðar




4.893 kr

Frá hestum til hestafla



4.753 kr

Sauðfjarrækt á Íslandi



5.433 kr

Skagfirskar skemmtisögur



1.978 kr

Gullin ský



3.959 kr

Ár drekans



3.029 kr

Tilboðin gilda 19. - 24. desember

Samkaup úrval

www.Samkaupurval.is verð eru birt með fyrirvara um villur og eða myndavíxl.

Akureyri · Blönduós · Bolungarvík · Dalvík · Grundarfjörður · Hafnarfjörður · Húsavík · Ísafjörður · Neskaupstaður · Ólafsfjörður · Selfoss · Siglufjörður · Skagströnd

Bæta við sig menntun

Ellefu sjúkraflutningamenn á Vestfjörðum þreyttu próf í neyðarflutningi á sunnudag, en þar er um að ræða annað stig sjúkraflutninga. „Innan hópsins er mikil ánægja með að vera komin með þetta stóran hóp af vel menntuðum sjúkraflutningamönnum, og við vonum að skjólstæðingar okkar verði varir við það í framtíðinni,“ segir Hlynur Kristjánsson, formaður Félags slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna í Ísafjarðarbæ, en tíu þeirra sem tóku prófin í gær starfa hjá Slökkviliði Ísafjarðarbæjar.

Nokkur óvissa hefur ríkt undanfarið um framtíðarskipulag sjúkraflutninga, en samningur við Ísafjarðarbæ um rekstur sjúkraflutninga fyrir Heilbrigðisstofnun Vestfjarða rennur út um áramótin. „Við vitum ekkert meira en aðrir um framhaldið, bíðum bara og sjáum. Menntunin verður alltaf til staðar, hvað sem svo gerist. Það vilja allir losna



Sjúkraflutningamenn frá Slökkviliði Ísafjarðarbæjar sem þreyttu prófið.
Sjúkraflutningamaður frá Hólmavík tók prófið einnig, en var farinn á brott þegar ljósmyndara bar að.
við þessa óvissu,“ segir Hlynur. Þakklátur fyrir viðtökurnar við þeirri viðleitni. „Við viljum þakka þeim sem studdu okkur. Viðtökurnar voru mjög góðar, miklu betri en við gerðum okkur vonir um. Það skiptir okkur miklu máli að finna fyrir svona jákvæðu hugarfari.“
— herbert@bb.is

Vélsmiðjan í umsjá Byggðasafnsins



Vélsmiðja Guðmundar J. Sigurðssonar.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt tillögu bæjarráðs um að Byggðasafn Vestfjarða taki Vélsmiðju Guðmundar J. Sigurðssonar á Þingeyri yfir í samræmi við minnispunkta frá fundi stjórnar Byggðasafns Vestfjarða, 6. nóvember síðstliðinn. Stjórnir Byggðasafns Vestfjarða og Sjálfseignarstofnunar Vél-

smiðju Guðmundar J. Sigurðssonar telja að ástæða sé til að fela Byggðasafninu umsjón með smiðjunni. Byggðasafn Vestfjarða hefur því lagt til við eigendur safnsins, en það eru sveitarfélögin á norðanverðum Vestfjörðum, að þetta fyrirkomulag verði tekið upp.

Í samtali við BB á dögunum

sagði Jón Sigurpálsson forstöðumaður Byggðasafnsins að ósk um þetta hafi komið frá sjálfseignarstofnuninni. Í sjálfu sér sé smiðjan safngripur eins og hún er, og einstök hvað það varðar, og segja megi að hún sé í nær upprunalegu ástandi. „Meiningin er að láta þetta svo þróast, að byggðasafnið komi að sýningarhluta vélsmiðjunnar og tryggi að hún verði í sýningarhæfu ástandi og hafi daglega opnun yfir sumartímann. Henni yrði þá haldið við, líkt og öðrum safnkosti. Það á eftir að útfæra þetta nánar.“

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Súðavíkurhreppur

Grundarstræti 3 • Súðavík

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Byggðastofnun

Ártorgl 1 • Sauðárkróki

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Orkubú Vestfjarða

Stakkanesi 1 • Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



ÍSLANDSSAGA

Fiskvinnslan Íslandssaga hf. Freyjugötu 2 430 Suðureyri S. 456 6300 F. 456 6304

Tvöfalt tunnukerfi á Ísafirði

Gámabjónusta Vestfjarða hyggst setja upp tvöfalt tunnukerfi á Ísafirði, líkt og er við lýði í Súðavík og Bolungarvík. „Það átti að vera löngu búið að dreifa þeim, og það var allt tilbúið til þess, en við vorum beðin að hinkra aðeins með það, því það er verið að skoða einhverjar breytingar á flokkunararkerfinu og menn hugsuðu sér jafnvel að kynna þetta á sama tíma, en ég er orðinn svolítið óþolinmóður og vil fara að koma þessu út,“ segir Ragnar Ágúst Kristinsson, framkvæmdastjóri.

„Það er allt tilbúið, tunnurnar eru komnar vestur. Þetta er auðvitað svolítið mál að koma þessu út, en þetta eru 1700 tonn sem við þurfum að dreifa, merkja, og annað sem tengist.“



*Eimskipafélag Íslands
óskar landsmönnum öllum
gledilegra jóla!*

Eimskipafélagið var stofnað 17. janúar 1914, með stórkostlegri samstöðu Íslendinga beggja vegna Atlantshafsins. Félagið hefur vaxið og dafnað með þjóðinni.

Í áranna rás hefur Eimskip leitast við að leggja íslensku samfélagi lið á margvíslegan hátt með framlagi til forvarnarmála, hjálparstarfs og góðgerðamála ásamt uppbyggingu á íþróttastarfsemi fyrir börn og unglunga sem og stuðningi við menningu og list í landinu.

Eimskipafélag Íslands lítur því með stolti yfir farinn veg og þakkar landsmönnum sem og starfsfólki félagsins af alhug ánægjuleg samskipti.

Stefnt að nýrri borholu í stað bilaðrar

Hár húshitunarkostnaður á Vestfjörðum er meðal afleiðinga þess að óvída má finna heitt vatn í nýtilegri fjarlægð frá þéttbýli, að minnsta kosti í því magni að það nýtist við húshitun. Frá þessu eru fáeinar undantekningar, en hitaveita er á vegum Orkubús Vestfjarða á Reykhólum og á vegum íbúa á Drangnesi. Einnig má finna 67° heitt vatn í Súgandafirði. „Íbúarnir eru tengdir rafkyntri hitaveitu, alveg eins og

er á Ísafirði, Bolungarvík og fleiri stöðum, en við dælum jarðhitavatni inn á kyndistöðina, þar sem það er notað til forhitunar,“ segir Sölvi R. Sólbergsson, framkvæmdastjóri orkusviðs hjá Orkubúi Vestfjarða. Jarðhitavatnið er einnig notað við fiskþurrkun Klofnings og í potta sundlaugarinnar, en affallsvatn kyndistöðvarinnar er nýtt í sundlaugina á Suðureyri.

Í ársskýrslum Orkubús Vest-

fjarða má finna upplýsingar um skiptingu orkunnar í kyndistöðinni eftir framleiðslu, en árið 2012 voru 1.396 MWh úr jarðhita á móti 5.243 MWh rafmagns sem notað var til kyndingar. Er þetta nokkru lægra hlutfall en árið áður, þegar 1.622 MWh jarðhita komu á móti 5.278 MWh rafmagns. Það er því ljóst að miklu þyrfti að bæta við jarðhitann til að nýta mætti hann einan til húshitunar á Suðureyri.

Tvær borholur eru í Súgandafirði, en önnur er ekki í rekstri, og er heitavatnsmagnið nokkru minna í samræmi við það. Sölvi segir að orsökina sé bilun í tækjabúnaði eða skemmd í holunni sjálfri. Fallið hefur verið frá því að setja varadælu í þó holu, en vatnið sem kemur úr þeirri holu er tíu gráðum kaldara. „Í staðinn verður sett niður aðeins öflugri dæla í holuna sem er í rekstri og kanna hvort hún þoli meiri dæl-

ingu, bæði að hitastigið falli ekki og að styrkur klóríðs aukist ekki óhóflega.

Samhliða dælskiptunum verður hola rannsökuð til að komast að því hvernig æðin liggur, og hvaðan vatnið kemur. Þá fyrst treysta menn sér til þess að staðsetja nýja holu. Gangi þetta allt eftir verður væntanlega ákveðið að bora nýja holu í stað þess að gera við þá gömlu.“

– herbert@bb.is



Boðið var upp á kaffi og meðlæti.



Jólagleðin var vel sótt.

Húllum hæ á Hlíf íbúðum aldraðra

Mikil dagskrá hefur verið hjá íbúum Hlifar, íbúðum aldraðra á Ísafirði, á adventunni. Í vikunni hélt dagdeildin og vinnustofan jólagleði þar sem Elvar Logi Hannesson skemmti íbúum og starfsfólki og Rauðakross bandið spilaði og söng fyrir viðstadda. Kvenfélag kirkjunnar

hélt litlu jólin um síðustu helgi í Nausti á Hlíf þar sem eldri borgarar hafa aðstöðu.

Að sögn Ingibjargar G. Kjartansdóttur, deildarstjóra heimajónustu, hefur kvenfélagið gert þetta undanfarin ár og hafa litlu jólin verið vel sótt af íbúum. „Það er alltaf mikið húllum hæ,“ segir

Ingibjörg. „Svo eru auðvitað fastir viðburðir eins og Rauða kross bandið sem kemur hálfsmánaðarlega og svo er gaman að segja frá því að hún Auður Guðjónsdóttir hefur verið að koma hingað á sunnudögum til að syngja með fólkinu og íbúarnir eru að sækja það mikið sem er

alveg frábært. Því miður missum við hana núna í janúar því hún er að flytja af landi brott.“ Aðspurð hvort heimsóknir vina og ættingja aukist í kringum hátíðarnar jánkur hún því. „Jú, þær aukast alltaf. Sumir fá ekki margar heimsóknir eða jafnvel engar. Við fáum yfirleitt

að vita af þeim og starfsfólkið er duglegt að bjóða þeim upp til sín eða fara með í göngu og hvetja þá sem þurfa hvatningu. Það er líka góð samvinna á milli heimahjúkrunar á staðnum og starfsfólks. Og svo eru íbúar mjög duglegir að líta til með hvor öðrum.“ – harpa@bb.is

Óska eftir breyttu fyrirkomulagi á úthlutun byggðakvóta

„Við undirritaðir, smábátasjómenn á Suðureyri erum mjög ósáttir með úthlutunarreglur þær sem gilda um úthlutun byggðakvóta á Suðureyri,“ segir í tólf samhljóða bréfum smábátasjómannanna til Ísafjarðarbæjar, þar sem gerðar eru athugasemdir við núverandi fyrirkomulag á úthlutun byggðakvóta. Byggðakvóti Suðureyrar er 124 þorskígildistonn, en því til viðbótar hefur

Byggðastofnun ákveðið að reyna að semja um úthlutun 400 tonna til viðbótar með milligöngu fiskvinnslunnar Íslandssögu ehf.

„Byggðastofnunarkvótinn fer til þeirra útgerða sem fyrir eiga aflahlutdeild og almenni hlutinn fer til útgerða hlutfallslega miðað við veiðireynslu. Þessar reglur verða þess valdandi að einungis örfáir bátar fá lungann af byggðakvótanum. Minni útgerðir á Suð-

ureyri standa óbættar hjá garði. Margar útgerðir eru búnar að fjárfesta í bátum til að geta stundað strandveiðar, en vantar herslunuminn til þess að geta náð endum saman. Þar sem þessi afli fer allur í vinnslu á staðnum finnst okkur það sanngirniskrafa að smærri útgerðir fái einnig að njóta þessa stuðnings,“ segir í bréfinu. Þar er einnig bent á að þó úthlutun viðbótaraflamarks

Byggðastofnunar sé háð sérstökum lögum og samningum við Byggðastofnun sé það á forræði Ísafjarðarbæjar að hafa áhrif á úthlutun byggðakvótans.

„Sú aðferð sem notuð var að helmingi byggðakvótans væri deilt jafnt á alla báta og hinum helmingnum eftir veiðireynslu tryggði ákveðið jafnræði og að allir, sem væru að gera út báta til atvinnusköpunar í byggðalaginu

fenju sinn skerf. Því óskum við eftir því að sú aðferð verði aftur tekin upp við úthlutun almenna byggðakvótans. Það verður að tryggja að samileg sátt ríki um úthlutanir verðmæta af þessu tagi. Í litlum samfélögum er það sátt og samstaða íbúanna sem tryggir framtíðarþættingu. Það er lykilhlutverk kjörinna bæjarfulltrúa að róa að því öllum árum að svo megi verða.“

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



Gjafakortið er vinsælasta jólagjöfin í Bónus

Nú er hægt að fá gjafakortið í öllum verslunum Bónus. Hafðu samband við skrifstofuna og fáðu nánari upplýsingar. Þú leggur inn hjá okkur eða þú greiðir með símgreiðslu og sækir kortið í þá verslun sem þér hentar
Skrifstofa Bónus: Opin alla virka daga kl. 9-17 Skútuvogi 13 Sími: 527 9000



AFGREIÐSLUTÍMI TIL JÓLA Í VERSLUNUM BÓNUS

Föstudagur 20.des	10.00-20.00
Laugardagur 21.des	10.00-21.00
Sunnudagur 22.des	10.00-22.00
Mánudagur 23.des	10.00-22.00
Aðfangadagur 24.des	10.00-14.00
Föstudagur 27.des	10.00-19.00



BONUS EKKERT BRUÐL

VISA

Jólin komu þegar Jón skraddari setti upp jólasveininn

Jólasveinabúningur sem Jón heitinn Jónsson, skraddari á Ísafirði saumaði, klæddi jólasvein í og setti upp í garðinum hjá sér við Fjarðarstræti fyrir hver jól hefur nú gengið í endurnýjun lífdaga í Hveragerði. „Eldri Ísfirðingar segja mér að jólin hafi ekki komið fyrir en afi [Jón] var búin að setja upp jólasveininn í garðinum sínum. Hann setti sveininn upp á mismunandi hátt hvert ár, ýmist sitjandi í bát, á sleða eða á hestbaki. Ég sá þetta aldrei sjálf en við fengum sendar myndir af uppsetningunni á hverju ári frá honum,“ segir Ingibjörg Sigmundsdóttir afabarn Jóns sem býr í Hveragerði þar sem hún rekur Garðyrkjustöð Ingibjargar.

„Ég hef sett jólasveininn upp í Garðyrkjustöðinni síðustu þrjú árin en tilefni þess að ansi skemmtilegt. Þannig er að skapast hefur hefð fyrir því að fyrir-tæki í bænum taka höndum saman í desember og „opna“ jólagluggaústillingu, eina á dag á hverjum degi. Þá koma t.d. leik-



Hér er Jón stoltur við hlið jólasveinsins sem var á hesti eitt árið.



Jólasveinninn í Garðyrkjustöð Ingibjargar.

skólabörn, grunnskólabörn, eldri borgarar og aðrir og fá þann heiður að opna gluggann og fá kakó og eitthvað með því í leiðinni. Þegar ég var að taka þátt í þessu fyrir þremur árum, hringdi ég í systur mína, Karlínu sem býr líka í Hveragerði, og spurði hvort hún ætti jólasveinabúning. Hún kvað svo ekki vera en hringdi stuttu seinna og sagðist hafa mun- að eftir því að hún væri með jólasveinabúninginn sem afi saumaði þarna fyrir svona löngu síðan. Ég fékk hann lánaðan og nú hefur þessi jólasveinn verið hér í Garðyrkjustöðinni síðustu

þrjú árin.“

Ísfirðingar ættu að kannast við Jón skraddara því hann og kona hans, Karlinna Grein Jóhannsdóttir, voru helstu hvatamenn að gerð Jónsgarðsins á Ísafirði sem er elsti skrudgarður bæjarins, opnaður árið 1922. Ingibjörg er alin upp í Hveragerði en eldri systur hennar tvær á Ísafirði og aðspurð hvort hún eigi enn skyldmennni á svæðinu segir hún: „Aðallega í Súðavík. Ég reyni að koma reglulega í heimsókn vestur enda á ég nokkuð af föðurfólki þar ennþá.“

— harpa@bb.is

Verzlun Bjarna Eiríkssonar

Stofnuð 1927 - 86 ára
Hafnargötu 81 - Sími 456 7300

Full búð af nýjum vörum

Opnunartími:
Mán.- fös. 9-18
Lau. 10-16
Sun. 12-16

Aukalega opið:
Lau. 21. des. 10-22
Sun. 22. des. 12-18
Þorl. 23. des. 9-23
Aðfd. 24. des. 9-14
Jóladag LOKAÐ
Annan jólad. 12-18
Gamlársdag 9-16

Allt í jólapakkana

á góðu verði

- fatnaður
- gjafavara
- bækur
- matvara
- og margt fleira



Við erum líka á
[facebook](#)



Óbreytt aflaverðmæti

6,5% samdráttur var í aflaverðmæti á landinu í heild á fyrstu átta mánuðum ársins, samanborið við sama tímabil á síðasta ári, en verðmæti afla á Vestfjörðum stóð nánast í stað. Verðmæti rækjukvótans jókst um 16,4% á þessu tímabili á Vestfjörðum, en um 14,7% á landsvísu, en vert er að hafa í huga að veiðar á úthafs-rækju voru stöðvaðar í júlí. Verð-

mæti rækjuafllans á Vestfjörðum dróst saman um 63,5% í ágúst-mánuði miðað við árið áður, en um 74,7% á landsvísu.

Verðmæti þorskaflans á landsvísu dróst saman um tæp 9% á landsvísu á fyrstu átta mánuðum ársins, en jókst um rúm 9% á Vestfjörðum. Verðmæti ýsu dróst saman um 13,6% á landsvísu, en 9% á Vestfjörðum.


 * Bjölluhljómur. *
 Ljósadýrð. Hnetur.
 * Köngull. Smákökur.
 Friður. Veisluborð. Mjöll.
 * Snjór. Laufabrauð. *
 Kertaljós. Ilmur. Spil.
 * Grenitré. Piparkökur. *
 Möndlur. Snjó Korn. Konfekt.
 * Stjarna. Hangikjöt. *
 Möndlugrautur. *
 * Söngur. Kerti. *
 *

OPNUNARTÍMI UM HÁTÍÐIRNAR

Vínbúðin Ísafirði

Föstudagur	20. des.	kl. 11.00 - 19.00
Laugardagur	21. des.	kl. 11.00 - 16.00
Sunnudagur	22. des.	Lokað
Mánudagur	23. des.	kl. 11.00 - 20.00
Þriðjudagur	24. des.	kl. 10.00 - 13.00
Miðvikudagur	25. des.	Lokað
Fimmtudagur	26. des.	Lokað
Föstudagur	27. des.	kl. 11.00 - 19.00
Laugardagur	28. des.	kl. 11.00 - 14.00
Sunnudagur	29. des.	Lokað
Mánudagur	30. des.	kl. 11.00 - 19.00
Þriðjudagur	31. des.	kl. 10.00 - 13.00
Miðvikudagur	1. jan.	Lokað
Fimmtudagur	2. jan.	Talning, opið kl. 16 - 18

Vínbúðin Patreksfirði

Föstudagur	20. des.	kl. 14.00 - 19.00
Laugardagur	21. des.	kl. 11.00 - 14.00
Sunnudagur	22. des.	Lokað
Mánudagur	23. des.	kl. 12.00 - 19.00
Þriðjudagur	24. des.	kl. 10.00 - 12.00
Miðvikudagur	25. des.	Lokað
Fimmtudagur	26. des.	Lokað
Föstudagur	27. des.	kl. 14.00 - 19.00
Laugardagur	28. des.	kl. 11.00 - 14.00
Sunnudagur	29. des.	Lokað
Mánudagur	30. des.	kl. 12.00 - 19.00
Þriðjudagur	31. des.	kl. 10.00 - 12.00
Miðvikudagur	1. jan.	Lokað
Fimmtudagur	2. jan.	Talning, opið kl. 16 - 18

Vínbúðin Hólmavík

Föstudagur	20. des.	kl. 14.00 - 18.00
Laugardagur	21. des.	Lokað
Sunnudagur	22. des.	Lokað
Mánudagur	23. des.	kl. 14.00 - 19.00
Þriðjudagur	24. des.	kl. 10.00 - 12.00
Miðvikudagur	25. des.	Lokað
Fimmtudagur	26. des.	Lokað
Föstudagur	27. des.	kl. 14.00 - 18.00
Laugardagur	28. des.	Lokað
Sunnudagur	29. des.	Lokað
Mánudagur	30. des.	kl. 14.00 - 18.00
Þriðjudagur	31. des.	kl. 10.00 - 12.00
Miðvikudagur	1. jan.	Lokað
Fimmtudagur	2. jan.	Lokað vegna talningar

Nánari upplýsingar um opnunartíma er að finna á vinbudin.is

 VÍNBUÐIN



Vínbúðirnar hlutu gullmerki í Jafnlaunaúttekt PwC 2013. Við erum afar stolt af verðlauninum enda eru samfélagsleg ábyrgð og jafnréttishugsun órjúfanlegur hluti af stefnu Vínbúðanna.

Nánast öll útgerð á Vestfjörðum hefði orðið gjaldþrota

Nær öll útgerð í Norðvesturkjördæmi hefði lagst af að mati Sigurðar Inga Jóhannssonar, sjávarútvegsráðherra, ef álagning veiðigjalda hefði verið með þeim hætti sem upphaflega var áætlað. Þetta sagði hann í viðtali við Helga Seljan í Kastljósi RÚV, en Helgi spurði ráðherrann hvort hann gæti nefnt einhver félög sem hefðu orðið gjaldþrota ef veiðigjöld hefðu verið lögð á miðað við fyrri ætlanir. „Við getum tekið nánast allan Vestfjarðakjálkann, nánast öll útgerðarfyrir-

tækin þar,“ svaraði ráðherrann. Einnig sagði hann að flest félög á Snæfellsnesi hefðu lent í erfiðleikum. Aðspurður hvort útgerð í Norðvesturkjördæmi hefði einfaldlega lagst af sagði ráðherrann að flest útgerðarfyrirtæki á svæðinu hefðu gefist upp.

Einar Valur Kristjánsson, framkvæmdastjóri Hraðfrystihússins - Gunnvarar hf., segir að margt sé til í þessum orðum ráðherra, enda hafi margfaldlega verið varað við þeim afleiðingum á sínum tíma. „Það hefðu mjög

margir farið á hausinn á næstu árum ef þetta hefði gengið eftir. Auðvitað eru menn að segja „hvað ef“ í þessu tilviki, sem er afskaplega erfitt. Ef fyrirtækin hefðu ætlað að starfa áfram í óbreyttri mynd þá hefði þetta haft svakalegar afleiðingar, en ef maður er í brennandi húsi reynir maður auðvitað að koma sér út. Margir minni aðilar hefðu sennilega farið lóðbeint á hausinn, því þeir hefðu ekki getað notið stærðarhagkvæmninnar sem felst í því að fylgja öllu ferlinu frá veiðum



Sigurður Ingi Jóhannsson, sjávarútvegsráðherra.

og á markað.“

„Það sem gleymist oft í þessari umræðu eru þær tekjur sem ríki og sveitarfélög hafa af sjávarútveginum, launatengd gjöld starfs-

fólksins, tekjuskattur, og almenna veiðigjaldið. Það er ekki hægt að horfa bara á krónur og kíló, því það eru mikil margfeldisáhrif.“

— herbert@bb.is


Ágætt að vera í Djúpinu

Ragna Aðalsteinsdóttir, bóndi á Laugabóli í Laugardal, býst ekki við að verða ein yfir hátíðirnar, en hún hefur um langt skeið notið aðstoðar vinnumanna við búskap sinn. „Ég hef gripið í mörg ár í menn sem hafa átt undir

högg að sækja, sem vinna á meðan þeir eru hér og reyna að ná áttum í lífinu. Það gengur stundum illa, en stundum tekst það. Manni þykir alltaf mjög vænt um það þegar vel tekst til.“

Þrátt fyrir að vera kominn hátt

á níráðisaldurinn lætur Ragna engan bilbug á sér finna, en hún segist ætla að vera á Laugabóli svo lengi sem þess er nokkur kostur. „Stundum finnst manni þetta erfitt, en ætli það sé ekki alls staðar?“




Ragna Aðalsteinsdóttir, ábúandi á Laugabóli.

„Við förum inn í Reykjanes í skötuveislu á þriðjudaginn, og þar komu Djúpmenn saman, alla leið út á Skjaldfönn á annan veginn og Hvítanes hérna megin Djúps. Þetta er stórt svæði, en það er ekki nema einn og tveir á

hverjum bæ. Þetta er alveg að leggjast í eyði, því miður. Það kemur ekkert ungt fólk í staðinn. Ég veit ekki hvað fólk er að sækja annað, því það er ágætt að vera hérna.“

— herbert@bb.is

Þjáist þú hugsanlega af fæðuóþoli?



Boðið er upp á ópolsmælingar í Lyfju á Ísafirði, alla virka daga kl. 11-12.

Tekjur hafna Ísafjarðarbæjar hærri en búist var við

Rekstur hafna Ísafjarðarbæjar gengur með ágætum, ef mið er tekið af afkomu fyrstu níu mánaða ársins, en tekjur hafnanna yfir það tímabil eru rúmlega fimmtungi meiri en gert var ráð fyrir. Þetta kom fram á fundi hafnarstjórnar, en þar var farið yfir almenna samantekt yfir helstu tekjuliði hafnanna. Þar kemur fram að flestir tekjuliðir hafi verið nokkru hærri en gert var ráð fyrir, en að meðaltali séu tekjur 122% af því sem áætlun gerði ráð fyrir. Mest hlutfallsaukning er í liðnum „aðrar þjónustutekjur“, en þær eru meira en tvöfaldar á við áætlun, rúmar sjö milljónir í stað tæplega þriggja

og hálfrar.

Á heildina litið munar þó mestu um verulega aukningu aflagjalda. Áætlað var að þau yrðu um 48 milljónir, en hafa reynst vera rétt tæpar 68. Tekjur hafnanna eru í heild um þrjátíu milljónum meiri en áætlun gerði ráð fyrir, og því er aukning aflagjalda um tveir þriðju af tekjuaukningunni. Áður hefur komið fram að talsvert hafi færst í vöxt að aðkomutogarar landi í Ísafjarðarhöfn, og má telja líklegt að viðbótartekjur hafnarinnar megi að hluta rekja til þess. Ekki kemur fram í skjölum fundarins hver útgjöld hafnanna hafi verið á sambærilegum tíma.



JÓLAGJÖF SEM ALLIR GETA NOTAÐ

Gjafakort Arion banka er hægt að nota hvar sem er. Þú velur fjárhæðina, þiggjandinn velur gjöfina.

Gjafakortið fæst í öllum útibúum Arion banka.

Girðing og skógrækt brýtur ekki í bága við aðalskipulag

Eigendur jarðarinnar Núps í Dýrafirði, Margrét Rakel Hauksdóttir og Áslaug S. Jensdóttir, lögðu í september fram kærú til umhverfisnefndar Ísafjarðarbæjar vegna nytjaskógar í landi Klukkulands og Hólakots í Dýrafirði, en skógræktin er í eigu félagsins Trjáa ehf., sem hefur gert samning við Skjólaskóga á Vestfjörðum um nytjaskógrækt á jörðunum. Í kærúnni segir m.a. að í áætlun sem Tré ehf., hafi látið

gera, sé gert ráð fyrir skógrækt alveg fram á árbakka svæðisins, meðfram Núpsá og nú þegar hafi trjáam verið plantað þar.

„Teljum við að skógræktin brjóti gegn aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 og vísunum í því sambandi til töflu 4.6. þar sem fjallað er um lágmarksfjárhæð milli takmarkandi þátta skógræktar, en þar kemur m.a. fram að lágmarks fjarlægð skógræktar frá árbakka eigi að vera

50 metrar. Þá hefur ekki verið haft samráð um skógræktina við landeigendur á Núpi, sem eiga land hinu megin Núpsár.“ Þá segir að samkvæmt skipulagi Trjáa ehf., megi sjá að víða séu fornleifar á skógræktarsvæðinu og að þar sé votlendi að finna. Brjóti það í bága við aðalskipulagið. Eigendur Núps telja einnig girðingu, sem hefur verið reist og nær fram á árbakkann, brjóti í bága við náttúruverndarlög þar sem hún

sé of nálægt árbakka og hindri för gangandi manna um bakkann.

Umhverfisnefnd lét bóka á fundi sínum þann 4. desember að nefndin telji að í fyrrnefndri töflu í aðalskipulagi sveitarfélagsins sé átt við vatnsbakka en ekki árbakka. „Þar sem aðalskipulagið hafði ekki tekið gildi þegar skógrækt hófst, getur ákvæði um skógrækt ekki átt við um þá ræktun sem átti sér stað fyrir gildistöku þess. Öll frekari ræktun en

þegar hefur átt sér stað verður þó að vera í samræmi við aðalskipulag. T.d. þarf að vera samkomulag um skógrækt nær landamerkjum en 25 m. Einnig þarf að taka tillit til fornleifa og annars þess sem kveðið er á um í aðalskipulaginu. Umhverfisnefnd telur girðinguna og skógræktina ekki brjóta í bága við aðalskipulagið enda verði almenningi tryggð för um skógin og meðfram ánni eins og lög kveða á um.“ – harpa@bb.is

„Hún er í slæmum málum skatan, hún lyktar svo illa!“

Það er nóg að gera hjá fisk-salanum Kára Jóhannssyni í fiskbúðinni Sjávarfangi á Ísafirði í desember, enda rignir inn símtölum og tölvupóstum vegna skötunnar sem er á borðum sannra Vestfirðinga á Þorláksmessu. „Ég sel skötu frá Lionsklúbbi Ísafjarðar, sem ég er félagi í. Við byrjuðum fyrir rúmum mánuði að verka hana og setja í köt. Hún var svo látin kæst í sirka þrjár vikur við bílskúrshita. Við tókum okkur fjórar helgar í þetta og eru búin að verka dágóðan slatta,“ segir Kári, sem biður blaðamann um að hinkra augnablik á meðan hann afgreiðir viðskiptavin. Á meðan blaðamaður beið á línunni mátti heyrja einn af viðskiptavinum Kára panta hjá honum fjórar öskjur af skötu, hver tvo kíló að þyngd. „Er hún sterk?“ spyr viðskiptavinurinn vongóður. „Jú, hún er svo sannarlega sterk,“ svarar Kári. Hann segir fasta viðskiptavinum, bæði þá sem búa á svæðinu sem og



Kári Jóhannsson fiskisali í Sjávarfangi á Ísafirði.

brottflytta Vestfirðinga. „Jólin byrja ekkert fyrr en vestfirski ilmurinn leggst yfir landið,“ segir Kári glettinn. „Við höfum meira að segja verið að senda skötuna út fyrir landsteinanna og lengst

alla leið til Japans. Þá pakka ég þessu vel og vandlega inn. Varan helst freðin í 1-2 daga ef vel er búið um hana.“ Kári selur skötuna ekki dýrum dómi því samkvæmt verðkönnun ASÍ á síðasta ári var

hann ódýrastur á landinu og gerir hann ráð fyrir að sama verði upp á tengingnum í ár. Á hvert býður Björgunarfélag Ísafjarðar til skötuveislu í Guðmundarbúð á Þorláksmessu, sem er þeirra

leið til að þakka bæjarbúum fyrir þeirra stuðning. „Þar getur fólk smakkað skötuna frá okkur Lionsmönnum. Svenni okkar er yfirkokkur og Heiðar yfirmatsmaður og ábyrgðarmaður gæða.“

Ný olíubirgðastöð tekin í notkun

Notkun á nýrri birgðastöð Olíudreifingar á Mávagarði á Ísafirði hefst fljótlega, en dælt hefur verið inn á þrjá tanka af fjórum. „Þetta er gert til prófunar, tékkað á öllum lögnum, mælum, dælibúnaði og ýmsu þannig. Það hefur allt

gengið vel, þannig að það eru engar hindranir í vegi. Þegar næsta skip kemur til landsins verður flutt beint inn á stöðina, og það verður fljótlega. Þetta er mun betri hafnaraðstaða, sem þýðir meðal annars að skipin sem

flytja inn olíu geta lagt beint að, þannig að hún verður flutt beint inn, og fer ekki á millilager í Reykjavík eða á Akureyri. Þá verður líka sú breyting að við getum tekið togara og stærri skip beint inn. Þannig þarf ekki að

keyra olíu á togarana lengur, heldur er hægt að afgreiða þá beint, fyrir þá sem það kjósa,“ segir Hörður Gunnarsson, framkvæmdastjóri Olíudreifingar.

Hörður segir einnig að nú sé í gangi lokafrágangur stöðvarinnar

frá verktaka, en henni ljúki fljótlega. Þá verði aðeins eftir málningarvinna, sem farið verði í á næsta ári, þegar sól fer að hækka. Einnig verður haldið áfram með frágang á eldri stöðvum félagsins, sín hvoru megin við Mjósund.

25 %
VILDARAFSLÁTTUR
AF ÖLLUM
TOP MODEL
VÖRUM
19. - 22. DESEMBER

GILDIR Í VERSLUN EYMUNDSSON Á ÍSAFIRÐI

Eymundsson



VILDARKLÚBBUR
EYMUNDSSON

Úrval er mismunandi eftir verslunum.

Simbi í djúpum skít

Sveinbjörn Hjálmarsson á Ísa-firði, eða Simbi í Hafnarbúðinni eins og hann er gjarnan kallaður, hefur sankað að sér um þrettán þúsund fylgjendum á Facebook síðu sinni sem heitir einfaldlega *Simbi í Hafnarbúðinni*. Þar setur hann inn nýja mynd á hverjum degi þar sem hann tjáir á myndrænan hátt hin ýmsu orðatiltæki, orðtök og málshætti. „Ég byrjaði á þessu í mars og er búinn að gera rúmlega 240 myndir. Það eru kannski tíu dagar samtals þar sem ég hef ekki birt nýja mynd,“ segir Sveinbjörn.

Hann segir þetta uppátæki sitt upphaflega hafa verið gert í þeim tilgangi að vekja athygli á Hafnarbúðinni þar sem hann vinnur alla jafna en viðbrögðin hafi verið slík að hann hafi ákveðið að halda áfram. Þótt upphaflegur tilgangur myndanna hafi verið að vekja athygli á versluninni, sem leiddi síðan af sér miklar vinsældir Simba á Facebook, segir hann að skemmtilegast sé að geta glatt aðra. „Það er góð tilfinning sem fylgir því að heyra og lesa athugasemdir fólks sem segja jafnvel að þetta sé lækning við depurð. Til dæmis kom hérna ein kona í sumar sem sagðist hafa átt svólítið erfiðan tíma undanfarið og ég hafi glatt hana óskaplega með myndunum og þær hafi hjálpað sér að komast í gegnum þennan tíma. Knúsaði mig og kyssti. Það var alveg frábært!“

Eithvað er myrkrið að stríða honum um þessar mundir því hann segir það fari að verða erfið-



„Kallinn í djúpum skít!“ Mynd: Ágúst Atlason.

ara að ná góðum birtuskilyrðum við myndatökurnar. „Ég er líka að vinna allan daginn þannig að það er komið myrkur þegar ég losna síðdegis og þá er erfiðara að taka myndir. Ég þarf að fara nýta helgarnar meira í þetta. Svo fer mig að vanta fólk til að framkvæma hugmyndirnar með mér og props til að nota í myndirnar,“ segir hann. Hann segir að í 90% tilvika framkvæmi hann hugmyndirnar að myndunum um leið og þeim skýtur niður í kollinn.

„Stundum næg að eiga myndir á lager, sem er voðalega gott því þá þarf ég ekkert að hugsa þann daginn. Get bara sest niður við tölvuna og valið eina mynd

og ýtt á „send.“ Þegar ég fæ svo skyndilega hugmynd og vil framkvæma hana strax þá er ég með góðan félaga sem vinnur hérna við hliðina á okkur, Leifur Bremnes heitir kauði, hann hefur hjálpað mér oft og mörgum sinnum og það er rosalega gott að geta kallað í hann í hádeginu til að aðstoða mig.“

Hann hefur einnig boðið upp á að vekja athygli á fyrirtækjum eða félagasamtökum í gegnum myndirnar sínar. Meðal annars hefur hann vakið athygli á hjartalíf.is, vefsíðu sem hefur það markmið að miðla upplýsingum til almennings, hjartasjúkra og aðstandenda þeirra um hin ýmsu

hjartans mál. Annars vegar hefur hann skellt sér í „hjartaþræðingu“, þó ekki hafi verið um að ræða raunverulega hjartaþræðingu heldur þræddi hann hjörtu upp á þráð við stofuborðið heima hjá sér. Hinsvegar lét hann raka hjarta á bringuna á sér og birti þá mynd af sér undir yfirskriftinni „Afrakstur dagsins hjá Kallinum, eða öllu heldur af-rakstur.“

Þá eru kennarar farnir að nota myndirnar við kennslu í íslensku að sögn Simba og segist hann oft fá beiðnir frá þeim um að nota þær, sem sé auðvitað sjálfsagt og bara skemmtilegt. „Einn kennari hefur meira að segja sett nokkrar af þeim saman í rafbók á netinu

sem hann notar svo í kennslunni. Um daginn kom hérna stelpa frá Hvolsvelli eða Hellu, man það ekki alveg, en kennarinn hennar hafði einmitt notað myndirnar mínar í kennslu og hún vildi endilega fá mynd af sér með mér!“ segir hann. Þó nokkrir hafa gert sér far um að koma við í Hafnarbúðinni á ferð sinni um Ísafjörð, það er að segja íslenskir ferðamenn, til að hitta Simba og blaðamanni þykir því líklegt að verslunareigendurnir séu hæstánægðir með þá miklu athygli sem verslunin fær, enda algjörlega ókeypis auglýsing sem dregur að sér fleiri viðskiptavini.

– harpa@bb.is

Sælkerar vikunnar eru Linda Margrét Sigurðardóttir og Andri Rafn Kristjánsson

Jóla-kótelettur með ostabúðingi

Þar sem jólin eru á næsta leiti ætla ég að bjóða uppá uppskrift af kótelettum sem hefð er fyrir að hafa í matinn á aðfangadagskvöld í minni fjölskyldu og kemur uppskriftin frá föðurömmu minni. Einnig býð ég upp á uppskrift af klassískri tertu til að hafa um hátíðarnar.

Jóla-kótelettur með ostabúðingi

½ kg lambakótelettur
Eggjahvíta og brauðraspur
+ pínu hveiti + salt, pipar og Season all
75 gr. smjör

Kóteletturnar eru barðar og þeim dýft ofan í eggjahvítuna og svo raspinn og steiktar upp úr smjöri á annarri hliðinni. Kótelettunum er síðan raðað í ofnskúffu, brúna hliðin upp.

Smá smjör og vatn sett í ofnskúffuna. Steiktar í 45 mín í ofni á ca. 180°C (fer eftir ofni).

Búðingur = hafa hann þykkan
100 gr. smjör
100 gr. hveiti
6 dl rjómi
4-6 eggjarauður

Smjörið brætt og hveiti hrært út í, þynnt út með rjómanum, sett í skál og kælt. Þá eru eggjarauðurnar settar út í og hrært vel í hrærivél í um 20 mín.

250 gr rifinn ostur og salt sett út í búðinginn og hrært saman.

Þegar um 20 mínútur eru eftir af bökunartíma kótelettnanna er 1-2 matskeiðar af ostabúðingnum sett á hverja kótelettu.

Bakað þar til búðingurinn verður færligast gulbrúnan lit og lyftir sér.

Berið strax fram svo búðingur-

inn falli ekki.

Hátíðarberta

Neðri botn:

2 egg
¾ bolli kókosmjöl
¼ bolli döðlur
50 gr. súkkulaði
½ bolli sykur
¼ bolli hveiti
½ tsk lyftiduft

Egg og sykur þeytt vel saman. Hveiti, kókosmjöl, döðlur, lyftiduft og súkkulaði bætt varlega út í. Hrært með sleif. Sett í hringlótt form og bakað við 180°C í ca 10-15 mín.

Fylling:

¼ líter rjómi, þeyttur
½ dós niðursoðin jarðarber
gott að væta í botninum með Baileys ef vill

Efri botn:



2 eggjahvítur
½ bolli sykur
1 bolli kókosmjöl
50 gr. saxað súkkulaði
Eggjahvítur og sykur stífþeytt. Kókosmjöli og súkkulaði blandað varlega saman við. Sett í hringlótt form og bakað við 150°C í ca 30 mín.

Skreytt með þeyttum rjóma og jarðarberjum, best að setja kókuna saman kvöldið áður en á að bera fram.

Við skorum á Sif Huld Albertsdóttur og Hákon Hermannsson að vera næstu sælkerar vikunnar.



Barnaúlpa
9.999
~~12.999~~

JÓLAGJAFIR

LÆKKAD VERÐ

handþeytari
5.990
~~7.830~~

Smáraftæki
20% afsláttur

matvinnsluvél
12.370
~~16.495~~

Raðhlöðuborvél
9.995
~~12.995~~

Black&Decker
Tilboðsverð

Stingsög
7.495
~~9.529~~

Aíða matar- og kaffistell Cafe
6.990
~~9.990~~

Gæsadúnúlpur
19.990
~~24.990~~

Grafa
2.799
~~3.999~~

Leikföng
30% afsláttur

Prinsessa
2.799
~~3.999~~

Afgreiðslutími til jóla Húsasmíðjan Ísafirði

Föstudagur	20. des	09-18
Laugardagur	21. des	10-18
Sunnudagur	22. des	12-18
Þorláksmessa	23. des	09-21
Aðfangadagur	24. des	09-12

blómaval



HÚSASMÍÐJAN

Gildir til 22. desember eða meðan birgðir endast. Afsláttur gildir ekki af vörum merktum „Lægsta lága verð Húsasmíðjunnar“, tilboðsvörum og KitchenAid vörum.

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

„Alveg ótrúlega stolt af þessu“

Vestfirskir verktakar fengu á dögnum C - gæðavottun hjá Samtökum iðnaðarins. Vottunin staðfestir meðal annars að reksturinn sé í góðum höndum, studdur með öflugum verkþókhaldi, góðri skipulagningu og með mikla sérstöðu varðandi áherslur í öryggis- og heilbrigðismálum. Guðlaug Aðalrós Sverrisdóttir gæðastjóri fyrirtækisins segir þau mjög ánægð með vottunina. „Við erum bara alveg ótrúlega stolt af þessu. Í fyrra fengum við D-vottun og stefnum í framhaldi af þessu á B-vottun, ekki spurning. Í fyrstu þegar við vorum að byrja á því að fara yfir gæðakerfið hjá okkur þá voru ekki alveg allir með, fannst þetta svona heldur mikið pappírsvesen en núna eru allir komnir um borð því starfsmennirnir hafa séð virkilega hvaða árangri þetta er að skila,“ segir Guðlaug.

„Þetta er alveg nauðsynlegt til að ná að halda utan um verkefni og verkin og auðveldar okkur mikið alla vinnu og utnumhald. Og þetta er líka bara orðið skemmtilegt. Samskipti við viðskiptavininn verða auðveldari því við þurfum ekki að eyða tíma í að leita og leita að einhverju held-



Starfsmenn fyrirtækisins ásamt mökum.

ur getum við gengið beint að því vísu sem við leitum að. Ég fór líka að fara á þá staði þar sem við vorum að vinna til að sjá hvað mætti betur fara, „af hverju ertu ekki með hjálm?“ og þá fundu starfsmennirnir að þetta snerist ekki bara um skrifstofuna heldur væri verið að hugsa um þá, öryggi

þeirra og fleira. Verkstjórar og aðrir yfirmenn eru líka duglegri að skila inn gögnum því þeir sjá hversu það auðveldar þeim og okkur alla vinnu.“

Fyrirtækið dafnað frá stofnun þess í október 2003 og verkefnið orðið sífellt fjölbreyttari og umfangsmeiri. „Vestfirskir verktak-

ar hafa meðal annars byggt grunnskóla, breytt gömlu þurrkverkunarhúsi í menningarhús, byggt virkjanir, brýr og gangamunna. Helstu verkefni um þessar mundir eru bygging tengivirkis fyrir Landsnet og bygging 2.300 fermetra hjúkrunarheimilis fyrir Ísafjarðarbæ. Í upphafi tók

fyrirtækið að innleiða gæðakerfi að ósk verkkaupa en á því hefur orðið mikill viðsnúningur. Núna vinnum við eftir gæðakerfi vegna þess að það er fyrirtækinu til mikilla hagsbóta og vinnum eftir gæðakerfinu burt séð frá því hvort verkkaupi gerir kröfu um slíkt eða ekki.“ – harpa@bb.is

Gleðilega hátíð

Við óskum þér gleðilegra jóla og gæfuríks komandi árs.

Starfsfólk Íslandsbanka Ísafirði

Við bjóðum
góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000


Íslandsbanki



Jólin eru að koma

Á jólunum er friður, á jólunum er fjör.
Bros í hverju hjarta og bros á hverri vör.

Vodafone

Góð samskipti bæta lífið



Landsvirkjun er orkufyrirtæki í eigu íslensku þjóðarinnar. Hlutverk fyrirtækisins er að hámarka afrakstur af þeim orkulindum sem fyrirtækinu er trúað fyrir með sjálfbæra nýtingu, verðmætasköpun og hagkvæmni að leiðarljósi. Framundan eru spennandi áskoranir við að móta framtíð íslenskrar orkuvinnslu.

Farsæld á komandi árum

Aflstöðin við Búðarháls er nýjasta vatnsaflsstöð Íslendinga. Hún verður gangsett snemma árs 2014 og mun vinna um 585 GWst af rafmagni inn á orkukerfi landsmanna. Með Búðarhálsstöð er virkjað áður ónýtt 40 metra fall á Þjórsár- og Tungnaárvæðinu á meðan neikvæðum umhverfisáhrifum er haldið í lágmarki.

Byggingu vatnsaflsstöðvar fylgir rask og því er mikilvægt að skoða þegar í upphafi hvort mögulegir virkjanakostir séu ásættanlegir frá sjónarmiði umhverfisverndar, hagkvæmir og tæknilega leysanlegir. Eftir að framkvæmdum er lokið og rekstur hafinn er raforka úr vatnsafl þó líklega hreinasta orka sem völ er á.

Búðarhálsstöð skapar veruleg verðmæti með því að fullnýta fall vatns frá Hrauneyjafossi að Sultartangalóni. Við byggingu hennar voru eldri efnisnámur endurnýttar og flest mannvirki eru neðanjarðar. Á nýju ári verður unnið að frágangi og uppgræðslu með það að markmiði að ný aflstöð við Búðarháls verði okkur öllum til sóma.



Við óskum landsmönnum farsældar á komandi árum og þökkum fyrir gifturíkt samstarf á árinu sem er að líða.

www.landsvirkjun.is



*Óskum viðskiptavinum okkar, samstarfsaðilum og
Vestfirðingum öllum, gleðilegra jóla og farsæls komandi árs!
Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða!*





Ástríða í matargerð

Ora óskar landsmönnum
gleðilegra jóla
og farsældar á nýju ári

www.ora.is



Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Grænagarði • Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Kampi
EHF

Rækjuvinnsla:
Sindragötu 1 • 400 Ísafjörður • Sími: 450 4000
Fiskvinnsla:
Hafnargötu 90 • 415 Bolungarvík • Sími 450 7507 / 863 2600

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Pollgötu 2 • Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Sindragötu 7b • Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Sindragötu 3 • Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Suðurgötu 12 • Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Aðalstræti 19, Bolungarvík – Hafnarstræti 9, Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Póllinn ehf.,
Pollgötu 2 • Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Kómedíuleikhúsið Túngötu 17 • Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



v / Hnífsdalsbryggju

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Vélsmiðja Ísafjarðar
Mjósundi 1 • 400 Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Sindragötu 14 • Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Hafnarbúðin
Hafnarhúsinu • Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Torfnesi • Ísafirði

Þegar þú ert kominn á þennan aldur er gott að eiga væn lífeyrisréttindi hjá Lífeyrissjóði Vestfirðinga, ásamt séreignarsparnaði.

Kannaðu reglulega hvort iðgjöldin þín hafa ekki skilað sér á réttan stað á réttum tíma.

Það skoðar þú með lykilorðinu þínu á heimasíðu sjóðsins www.lvest.is.

Sjóðfélagavefur eða með því að hringja á skrifstofu sjóðsins.

Lífeyrissjóður
Vestfirðinga
óskar
Vestfirðingum
og öðrum
landsmönnum
árs og friðar



LÍFEYRISSJÓÐUR
VESTFIRÐINGA

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



PRYMUR HE. - Vélsmiðja

Suðurgötu 9 • Ísafirði



Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Suðurgötu 9 • Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Sindragötu 11 • Ísafirði



Sophus Magnússon
farþega- og vöruflutningar
sími: 893 8355

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Aðalstræti 26 • Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Suðurgötu 9 • Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

Hárkompaní

Silfurgötu 6 • Ísafirði sími 456 6363

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Árnagata 1 • Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



**Gámapjónusta
Vestfjarða ehf**

UMHVERFIÐ ER FRAMTÍÐIN
GÆTTU ÞESS VEL

Kirkjuból III • Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Eyrargötu • Patreksfirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Suðurtangi 7 • Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Vélsmíðjan Prístur ehf

Sindragötu 8 • Ísafirði

PRISTUR ORMSSON

Hafnarstræti 12 • Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



**NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA**

Aðalstræti 21 • Bolungarvík

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Sindragötu 12b • Ísafirði

Jólastund á Sólborg

Jólastund var á leikskólanum Sólborg á Ísafirði á föstudagsmorgunn. Þá söfnuðust allir saman fyrir framan Krók, hlustuðu á jólasögu og sungu jólalög. Að sjálfsögðu mættu börnin í sínum betri fötum en tóku þó með aukaföt því þau fóru út í rokið eftir matinn. Jólasveinarnir létu sig ekki vanta til að gleðja, nú eða jafnvel hrekkja börnin aðeins, og í hádeginu fengu börnin hangikjöt og tilheyrandi meðlæti. Ætli þetta hafi ekki verið Giljagaur og Stekkjastaur, enda eru þeir bræður þeir einu sem komnir voru til mannabyggða á þessum tíma aðventunnar en alls eru bræðurnir þrettán talsins.

Kannski Stekkjastaur hafi komið í fjárhúsum bænda á leið sinni til byggða til að hrekkja kindurnar enda alræmdur hrekkjalómur og Giljagaur hefur eflaust verið með mjólkurskegg því hann er þekktur fyrir að kíkja í fjósinn til að reyna að ná sér í mjólk.



Veittu sjálfböðaliðum viðurkenningu


Rauði krossinn á Ísafirði veitti sjálfböðaliðum viðurkenningu fyrir vel unnin störf á degi sjálfböðaliðans sem haldinn er um allan heim 5. desember ár hvert. Sjálfböðaliðarnir vinna ýmis störf fyrir félagið og að þessu sinni var fólk sem vinnur í fatasöfnun sérstaklega heiðrað. Að sögn Hrefnu Magnúsdóttur formanns RKÍ á Ísafirði er fatasöfnunin umfangsmikil um allt land og hver einasta flík og vefnaðarvara sem berst til félagsins nýtt í þágu mannúðar. Sjálfböðaliðarnir vinna meðal annars við að taka á móti fötum og annarri vefnaðarvöru sem berst í fatagámanna í Vestrahúsinu á Ísafirði og ýmis verkefni tengd nytjamarkaði sem

geðræktarmiðstöðin Vesturafli rekur í verslunarhúsinu á Skeiði. Allir munir sem berast á nytjamarkaðinn nýtast í starfsemi Vesturafls og koma margir sjálfböðaliðar að þeirri vinnu. „Til dæmis starfsfólkið í áhaldahúsi Ísafjarðarbæjar og á Byggðasafninu að ógleymdu starfsfólkinu í afgreiðslunni á heilsugæslunni.“ „Það er mikilvægt að hafa hraust fólk á góðum bílum þegar flutningar fara fram á húsögnum upp og niður stigana á markaðinum. Svo má nefna verkefnið Föt sem framlag sem unnið er í Vesturafli en þar vinna sjálfböðaliðar við að sauma, þrjúna og pakka fötum í sérstaka ungarnapakka sem fara til Hvíta Rússlands,“



Starfsfólk áhaldahúss Ísafjarðarbæjar fékk viðurkenningu á degi sjálfböðaliðans. Mynd: RK. Hrefna segir afar mikil mikilvægt að hafa nægan fjölda sjálfböðaliða sem koma að fatasöfnuninni. „Það eru mörg bretti á mánuði sem hann Ólafur Jens Guðmundsson sjálfböðaliði plastar og gengur frá. Síðan taka sjálfböðaliðarnir hjá Eimskip við og flytja allt saman á rétta staði.“

Heima að heiman



Hafþís Sunna Hermannsdóttir er í doktorsnámi í Danmörku þar sem hún er að rannsaka matarhönnunarferla með áherslu á rými í leikskólum. Í tengslum við það er hún gestarannsakandi í hönnunardeild Aalto University í Helsinki í hálftrá. Hún segir okkur frá stöðum í Finnlandi.



Ekta gæðasjoppu eins og Hamraborg leita ég enn að hér í Helsinki, en það er þó alltaf ákveðinn Hamrósjarmi að koma inn í R-kioski, hillurnar fullar af vörum, og þjónustan persónuleg.



Anton & Anton er matvörubúð sem selur úrvals rétti og hráefni sem er lífrænt ræktað, ferskt og beint frá býli. Við eruð svo heppin á Ísafirði að eiga marga Tona - Bræðraborg, Sjávarfang, Tjöruhúsið og fleiri, sem hafa það að aðalmarkmiði að bjóða upp á gæðavöru með sem fæstum milliliðum.



Það er ekki oft sem maður finnur bakarí sem býður upp á fjölbreytt og mikið úrval af allskyns góðmeti, sem hefur handgert yfirbragt, og er fagurlega framsett. Að sjálfsögðu kemst Kakku & Leipä Keisari ekki með tærnar þar sem Gamla bakaríð hefur hælana, en nær þó að sefa söknuðinn.



Hönnunardeild Aalto Háskólans er staðsett í gömlu húskynnum Arabia keramikverksmiðjunnar, hönnunartáknmynd Finnlands, og því með mikið sögulegt atvinnu- og menningargildi. Núna iðar byggingin af sköpunarkrafti eins og Arabia Ísafjarðar, Edinborgarhúsið.



Paloheinä gönguskiðasvæðið liggur örstutt frá bænum og býður upp á flottar göngubrautir og mikla náttúruferð. Helsinki er með yfir 600 þúsund íbúa, og Finnar mikil gönguskiðapjóð. Mikið megum við vera stolt og þakklát fyrir Dalina okkar tvo sem uppfylla öll þessi skilyrði.



Sparisjóðurinn óskar viðskiptavinum sínum og landsmönnum öllum gleðilegrar hátíðar

Frá fyrsta degi höfum við starfað eftir sömu gildunum.
Við þjónum viðskiptavinum okkar af umhyggju og styðjum
um leið við okkar heimabyggð. Enda eru viðskiptavinirnir
alltaf óskaplega ánægðir með okkur og við með þá.



SPARISJÓÐURINN
Bolungarvík - Suðureyri

Breyttur maður eftir erfiða lífs

Gústaf Gústafsson í Bolungarvík hefur að líkindum kynnst krabbameini betur en flestir aðrir, fyrst sem barn þegar móðuramma hans barðist við lungnakrabba, þá í störfum sínum hjá Krabbameinsfélagi Íslands um fimm ára skeið, og síðan í persónulegu návígi á nýjan leik en fullorðinn að þessu sinni. Það var þegar hans nánustu börðust við þennan vággest á sama tíma fyrir stuttu, bæði bróðir hans og sonur. Í þeirri baráttu laut annar í lægra haldi en hinn hafði sigur. Þann sigur þakkar Gústaf fremst af öllu forvarnastarfi og fræðslu eins og hér kemur fram síðar.

Frá þessari tvíþættu reynslu sinni af krabbameini greinir Gústaf í þessu viðtali, auk þess sem hann segir frá sjálfum sér og sínu fólki og rekur starfsferilinn í stórum dráttum. Þar kemur hann meðal annars inn á svipleg starfslok hjá Markaðsstofu Vestfjarða í aðdraganda jóla á fyrra, sem hann er „ekki alveg sáttur við,“ eins og hann orðar það. „En sumir sparka í liggjandi menn og aðrir ekki. Þannig er það bara.“

Þegar leitað var eftir viðtali við Gústaf varð ekki greitt um svör í fyrstu. Hann þurfti að hugsa sig um, hafði lítinn áhuga á því að vera að flagga sjálfum sér. En, eins og hann sagði eftir á: „Það er dálítið erfitt að samþykkja að fara í svona viðtal og ég hikaði þegar ég var beðinn um það. En ég starfaði við það í mörg ár að biðja fólk um að koma í svona viðtöl. Þess vegna var mjög erfitt fyrir mig að neita því. Ef það getur gert einhverjum gagn, þá getur maður ekki sagt nei.“

Fimm barna faðir frá Patreksfirði

Gústaf og fjölskylda hans hafa verið búsett í Bolungarvík frá því að þau fluttust vestur fyrir fáeinum árum. Sjálfur er hann uppalinn á Patreksfirði seinni hluta æsku sinnar og þar eru foreldrar hans búsettir enn í dag, þau Gústaf Gústafsson aðstoðarskólastjóri og Rannveig Haraldsdóttir kennari. Þeir voru þrír bræðurnir, Haraldur, Gústaf og Ófeigur, sem laut í lægra haldi fyrir krabbameininu fyrir rúmu ári eftir mjög erfiða baráttu.

Eiginkona Gústafs er Sigrún Bragadóttir viðskiptafræðingur, sem starfar hjá Endurskoðun Vestfjarða, ýmist á Ísafirði og í Bolungarvík, og eiga þau fimm börn. Elstur er Hilmar, níttján ára. Hann er að klára tölvunarfræði í Tækniskólanum núna í desember og síðan er hann á leiðinni til Bandaríkjanna og Ástralíu að

skoða heiminn. Næstur er Sigmundur Bragi, sautján ára, sem er í Menntaskólanum á Ísafirði. Í miðjum hópnum er Soffía, sextán ára, sem er í skóla í Bandaríkjunum. Næst yngstur er Gústaf Már, átta ára, og yngst systkinanna er María Dís, sex ára. „Þannig eru þrjú börn á heimilinu eins og er,“ segir Gústaf. „Þau eru frá því að vera þrjú hér heima og upp í fimm, eftir árstíðum og hvar í heiminum fólk er statt.“

Gústaf er fæddur í Reykjavík árið 1973 og stendur því á fertugu. „Þar átti ég heima fyrstu æviárin en síðan fluttu foreldrar mínir á Patreksfjörð, þaðan sem pabbi er ættaður að hluta, og þar er ég alinn upp seinni ár æskunnar.“

Ásdís Helgadóttir, amma Gústafs í föðurætt, fæddist á Patreksfirði, en afi hans í föðurætt, Gústaf Ófeigsson, fæddist á Suðureyri við Súgandafjörð en var tengdur Biskupstungunum. „Í móðurættina er ég ættaður af Suðvesturhorninu og að norðan. Afi minn, Haraldur Ágústsson húsasmíðameistari, fæddist í Reykjavík, og Sigríður Dagmar Jónsdóttir amma mín var úr Svarfaðardalnum. Hún lést úr krabbameini þegar ég var barn. Þetta er nokkurn veginn svona, en ég er ekki orðinn nógu gamall ennþá til að hafa áhuga á ættfræði!“ segir Gústaf, en eins og svo margir þekkja vaknar áhuginn á þeim efnum iðulega ekki fyrr en aldurinn færist yfir. „Já, fólk segir að það breytist nokkuð mikið.“

Á sínum tíma nam Gústaf forritun og kerfisfræði. „Ég byrjaði minn starfsferil á þeim vettvangi, vann við tölvur og forritun framman af en sneri mér svo að markaðsmálum. Það gerði ég stuttu fyrir aldamótin þegar ég varð framkvæmdastjóri hjá hugbúnaðar fyrirtæki. Þá féllu jafnframt markaðsmálin í mínar hendur og ég nam markaðsmál ásamt öðru í framhaldi af því.“

Árin fimm hjá Krabbameinsfélaginu

„Árið 2005 kynntist ég síðan Krabbameinsfélagi Íslands, hef þar störf sem markaðs- og fjáröflunarstjóri og starfaði við það fram undir haustið 2010. Sem barn upplifði ég veikindi og svo fráföll móðurömmu minnar vegna lungnakrabba og það hafði áhrif á ákvörðun mína um að hefja störf hjá félaginu. Á þessu tímabili kynntist ég flestum hliðum krabbameins og byggði upp verkefni eins og Bleiku slaufuna hér á Íslandi og Karlmann og krabbamein eða Mottumars og ýmis

fleiri. Það eru náttúrliga mjög margir sem koma að starfsemi Krabbameinsfélags Íslands. Þetta eru stór regnhlífarsamtök og yfir þrjátíu aðildarfélög um allt land, þannig að maður flækist í þessu á allan hátt. Og auðvitað kynntist ég fólki sem kom til okkar, bæði fólki sem læknaðist og náði sér og svo fólki sem féll síðan frá af völdum sjúkdómsins. Að auki þá greinist bróðir minn á þessum tíma og það hafði áhrif á viðhorf mitt til þessara mála. Það var mikil lífsreynsla og ómetanlegt að fá að starfa með þessu félagi í þennan tíma,“ segir hann.

„Það var mjög mikið að gerast hjá Krabbameinsfélaginu á þessum árum. Þetta voru gríðarlega spennandi tímar en jafnframt erfiðir. Sem dæmi má nefna, að þegar ég tek við er innkoman af verkefninu Bleika slaufan, sem er mjög þekkt í dag, 1,4 milljónir króna yfir árið. Þegar ég fór frá Krabbameinsfélaginu 2010 var búið að meira en fertugfalda veltuna á Bleiku slaufunni. Svo kom ég á verkefninu Mottumars, var upphafsmaður að því og stýrði því fyrstu þrjú árin. Þetta er þannig félag að krónunni er velt nokkrum sinnum og farið mjög sparlega með fjármuni. Þess vegna var maður í verkum af öllu tagi, alveg frá því að hanna bæklinga og bleik ljós á leigubíla yfir í það að stýra stórum fjáröflunarverkefnum, viðburðum og markaðssamskiptum. Þetta var því mjög fjölbreytt starf, fáir starfsmenn og mikið að gera,“ segir Gústaf.

„Þetta var alveg ómetanleg reynsla fyrir mig og varð til þess, að bæði kynntist maður betur þessum sjúkdómi sem krabbamein er og hinum mörgu tegundum þess, og líka því óeigingjarna starfi sem er unnið hjá þessu félagi, bæði hjá sjálfbæðaliðum og starfsmönnum.“

Markaðsstofa Vestfjarða og uppsögnin

„Síðan gerist það sumarið 2010, að mér er boðið að sækja um starf hér fyrir vestan sem forstöðumaður Markaðsstofu Vestfjarða. Ég fékk erindi þess efnis að fólk hér fyrir vestan hefði áhuga á að ég sækti um þetta starf, sem þá var laust. Forveri minn í því starfi, Jón Páll Hreinsón, hafði sagt upp. Ég skoða þetta, tala við stjórn félagsins og ákveð að slá til og skipta um starfsvettvang og taka við sem forstöðumaður Markaðsstofunnar og flyt hingað vestur í Bolungarvík í ágúst. Ég leit á þetta á svipaðan hátt og starfið hjá

Krabbameinsfélaginu, ég leit á þetta sem samfélagsverkefni.

Á þeim tíma var kona mín í mastersnámi í fjármálastjórnun fyrirtækja í Háskóla Íslands og fyrsta veturinn var ég þess vegna einn hérna með börnin en hún var helgarmamma þegar tækifæri gáfust. Þetta var erfiður vetur, mikið að gera í nýju starfi á nýjum stað og sinna heimilinu og börnunum og allt það, en engu að síður var þetta gefandi.

Þessu starfi sinni ég fram í ágúst í fyrra eða í tvö ár. Þá óskaði ég eftir launalausum leyfi vegna þess að eitt af börnunum okkar veiktist af krabbameini og var mér sagt upp á meðan ég var í leyfinu. Þannig endaði starfsferill minn hjá Markaðsstofu Vestfjarða. Mér var sagt upp í desember og óskað eftir að ég ynni ekki uppsagnarfrestinn.“

Á raddblæ Gústafs þegar hann segir þetta má einhvern veginn greina beiskju varðandi þessi starfslok og hann er spurður beint hvort svo sé. „Kannski væri maður nú aldrei sáttur við að vera sagt upp. En, nei, ég er kannski ekki alveg nógu sáttur við hvernig þetta starf þróaðist eða hvernig stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga hagaði sér í málinu. Persónulega tel ég að góður árangur hafi náðst í störfum Markaðsstofu Vestfjarða og tölurnar sýna það þrátt fyrir að starfsumhverfið hafi verið erfitt. Það var mikið um breytingar og allan tímann sem ég starfaði þar var rætt um sameiningu og uppstokkun stoðkerfisins á Vestfjörðum. Þó svo að því hafi alltaf verið haldið fram að engum yrði sagt upp, þá reyndist það auðvitað bara vitleysa eins og margt annað. Þetta mál var illa ígrundað frá upphafi til enda.

Það myndaðist gott vinnusamband milli mín og Ferðamála-samtaka Vestfjarða, sem mér þótti mjög vænt um. Hefði ég vitað það sem ég veit í dag um þetta umhverfi hefði ég hagað málum á annan hátt. Ég held að ég sé nú ekki alveg sáttur, en ég er prinsipmaður og á það til að vera hreinskilinn og það er kannski ekki alltaf vinsælt.

Markmiðið hjá mér á þessum tíma í fyrrihaust var að einbeita mér að málefnum fjölskyldunnar og þeim erfiðu verkefnum sem þar voru, og ég sé sko ekki eftir því. Ég ýtti þess vegna málefnum Markaðsstofu Vestfjarða til hliðar. En sumir sparka í liggjandi menn og aðrir ekki. Þannig er það bara.“

Sjálfstætt starfandi markaðsráðgjafi

En hvað fæst Gústaf við um þessar mundir? „Í dag starfa ég sjálfstætt og hef í sjálfu sér nóg að gera. Það er annað hvort það eða þá að flytja aftur suður á bóginn. Aðallega er ég að fást við rannsóknir og verkefni í tengslum við markaðsmál. Kannski mætti líka nefna að ég sá um viðburði fyrir Bolungarvíkurkaupstað í sumar. En það var nú raunar frekar þegnaskylda held ég en nokkuð annað, og mjög ánægjuleg vinna, enda er gott fólk í Bolungarvík.

Ég hef verið mikið í viðburðastjórnun, starfaði við það á sínum tíma þegar ég var sölu- og markaðsstjóri stærsta viðburðafyrirtækis á Íslandi. Það er í rauninni þannig sem ég kynntist Krabbameinsfélagi Íslands. Guðrún Agnarsdóttir lækni, sem þá var forstjóri þess, tók þátt í sýningu hjá okkur með aðild félagsins. Í framhaldi af því spurði hún hvort ég hefði áhuga á því að starfa fyrir félagið. Viðburðir hafa verið afdrifaríkir í mínu lífi, en það er önnur saga.

Núna er ég sem sagt sjálfstætt starfandi ráðgjafi á sviði markaðsmála og sinni verkefnum fyrir sveitarfélög, stofnanir, félög og fyrirtæki. Ég er líka að bæta við mig í námi, er að taka gráðu í heimspeki, hagfræði og stjórn-málafræði við Háskólann á Bifröst, þannig að það er alltaf nóg að gera.“

Upphaf krabbameinssögu hinna nánustu

„Eiginlega má segja að þetta hafi allt saman byrjað 17. júní 2008,“ segir Gústaf þegar talinu er vikið að baráttu hans nánustu við krabbamein. „Þá vorum við fjölskyldan ásamt tengdaforeldrum mínum stödd úti í Þýskalandi, vorum að skoða Svartaskóg, og þá fæ ég símtal frá móður minni. Hún er að láta mig vita að Ófeigur yngri bróðir minn hafi greinst með krabbamein. Hann var síðan í þeirri baráttu í rúm fjögur ár, baráttu sem gekk upp og ofan.

Læknar héldu á tímabili að búið væri að komast fyrir þetta. En eins og oft er með svona veikindi, þetta er langhlaup. Líkaminn er flókið fyrirbæri og krabbameinið líka. Hann er sem sagt að berjast í þessu í fjögur ár og á síðasta ári fer að draga til tíðinda í þeirri baráttu.

Á þessum tíma veikist vinur minn líka af krabbameini, Jökull Kristjánsson á Reykhólum, Hann var frá Patreksfirði eins og ég. Við vorum mjög góðir félagar, kynntumst vel við beitningu, og það atvikaðist þannig að við störf-

reynslu



uðum svo að því í tvö sumur að gera golfvöllinn inni í botni á Patreksfirði. Eftir það spiluðum við mikið golf saman og nánast sleitulaust í 15 ár. Ferðuðumst um allt landið, til Spánar og meira að segja til Tyrklands.

Jökull var afskaplega góður maður. Ég á góðar minningar heiman frá Erlu Hafliðadóttur móður hans. Þar lék ég mér með Kristjáni Rafni Erlendssyni jafnaldra mínum, sonarsyni hennar. Hann dó í flugslysi rúmlega tvítugur. Við vorum miklir félagar. Við fórum iðulega í leiðangra í kjallarann á gistihúsi Erlu og stálum í úr frystinum hjá henni enda báðir sælkerar. Erla átti alltaf nógan ís. Það eru góðar minningar þaðan.

Jökull heitinn andaðist í fyrravor og það markaði eiginlega hvernig árið 2012 þróaðist hjá mér. Um það leyti fór sonur okkar, sem þá var fimmtán ára, að kvarta yfir eymslum í eista. Það er nú kannski einkennilegt að segja frá þessu, en það var dreift bæklingi í grunnskólanum hérna í Bolungarvík frá Krabbameinsfélagi Íslands, sem sneri að þessum málum. Hann var að lesa bæklinginn og kemur svo með hann til okkar og var eitthvað að spyrja okkur út í þetta, enda mundi hann vel eftir starfi mínu hjá félaginu. Hann ákvað að þreifa á eistunum á sér, sem varð til þess að honum fannst annað þeirra eitthvað skrítið, og hann hafði það mikið hugrekki fimmtán ára unglingurinn að láta okkur vita.“

Barist á tvennum vígstöðvum

„Síðan fer hann til læknis á Ísafirði, sem hafði nú ekki mikla trú á að það væri eitthvað í gangi. Engu að síður er hann sendur suður og það kemur í ljós að þarna er eitthvað skrítið. Það er ákveðið að skoða þetta betur og það endar með því að hann greinist með illkynja vöðvakrabbamein. Meinið er fjarlægt með skurðaðgerð og síðan tók við ströng lyfjameðferð í sex mánuði.

Á þessum tímamarki eru veikindi bróður míns að verða mjög alvarleg og einsýnt hvert stefndi. Þarna var stutt síðan ég kvaddi mjög góðan vin, bróður mínum hrakar mjög mikið og svo greinist strákurinn okkar líka. Þetta hvert og eitt hefði svo sem verið alveg nóg, en þegar þetta allt kom saman, þá myndaðist bara mikið krísuástand í fjölskyldunni. Eiginlega má segja að fólk hafi fengið ákveðið taugaáfall. Það varð til þess að ég óskaði eftir leyfi frá störfum til að sinna þessum málum. Ég fór alfarið í það að sinna fjölskyldunni. Sem dæmi, þá missti konan mín sjónina á öðru auga vegna áfallsins.

Þetta var mjög erfiður tími, virkilega erfiður. Á tímabili var ég að ganga á milli Barnspítala Hringins og deildarinnar þar

sem bróðir minn var og fylgjast með honum deylla á meðan maður vissi ekki hvað yrði um strákinn. Já, þetta var mjög erfiður tími og ég held að ég hafi nánast ekkert sofið í nokkrar vikur.“

Lyfjameðferðin sem strákurinn fór í var frekar ströng. Hann greindist með erfitt krabbamein. Ef svona vöðvakrabbamein nær sér á strik er það mjög illkynja og hraðvaxandi, þannig að lyfjameðferðin var eftir því. Sem betur fer tókst hún frábærlega og hann er algerlega laus við meinið í dag. Ég var nú eitthvað að grínast með það að ég ætti líklega flestar nætur á spítala þetta árið án þess að hafa verið lagður inn.“

Ófeigur bróðir Gústafs dó fyrir rúmu ári, þrjátíu og tveggja ára gamall. „Þetta var mjög erfitt, hann lét eftir sig tvær ungar stelpur, og allt í kringum það var gríðarlega erfitt. Þetta tók langan tíma og var mikið stríð, eins og kannski vill verða þegar fólk er ekki tilbúið að fara.“

Breyttur maður

„Ég held að þetta tímabil hafi að mörgu leyti breytt mér, þessar vikur þegar maður var með strákinn sinn á einni deild og horfði á litla bróður sinn fara á annarri. Að horfa á angist foreldra sinna og geta ekkert annað en reynt að vera til staðar og bæjja frá sér hugsunum um veikindi eigin barns. Þetta er erfiðasta lífsreynsla sem ég hef upplifað. Þó að ég margfaldaði allt annað, þá held ég að það kæmist ekki neitt nálægt því.“

Eftir nokkra þögn heldur Gústaf áfram: „Já, það fór eins og það fór, hann bróðir minn kvaddi okkur þarna. Ég er þakklátur fyrir að hafa fengið að vera hjá honum þar til yfir lauk. En stríðið hélt áfram á öðrum vígstöðvum og við þurftum auðvitað að sinna því. Lyfjagjöfin hjá stráknum var þannig að þetta var á viku fresti og þess vegna vorum við í bænum meira og minna fram að jólum. Síðan lýkur þessu núna í apríl-maí þegar það kemur í ljós að hann er algerlega laus við krabbameinið. Það var mikill sigur, en stuttu seinna greinist Haraldur eldri bróðir minn með sjálfsöfnæmi. Eins skringilegt og það nú er, þá fór hann á krabbameinslyf. Sjálfsöfnæmi er ólækandi sjúkdómur sem hann er að glíma við. Það er mikið um krabbameinslyf í fjölskyldunni þessi árin.“

Fékk allt til baka

„Það sem ég tel að hafi bjargað lífi stráksins okkar eru forvarnir Krabbameinsfélags Íslands, rétt viðbrögð þeirra lækna sem við leituðum til og svo auðvitað frábært starfsfólk Barnspítala Hringins. Ég held að það sé alveg ljóst. Ef þessum bæklingi hefði ekki verið dreift í skólanum í Bolungarvík, þá held ég að hann hefði ekki greinst með þetta



krabbamein svona snemma, og þá hefði það verið komið út í líkamann. Það hefði breytt stöðunni hjá honum gersamlega.

Krabbameinin eru misjöfn og þetta var slæmt. Þetta var ekki eistnakrabbamein, vöðvakrabbameinið er miklu sjaldgæfara og miklu erfiðara að eiga við ef það dreifir sér, en tiltölulega góðar líkur á lækningu ef hægt er að fjarlægja það á meðan það er staðbundið. En ef það fer út í líkamann af því að það fær að vera óáreitt, þá er staðan allt önnur og miklu verri.

Í mínum huga fékk ég allt margfaldlega til baka sem ég gerði hjá Krabbameinsfélaginu. Ég lagði mjög mikið í mína vinnu þar og reyndi að gera eins vel og ég gat. Það kom allt til baka til

mín þegar þetta atvikast svona. Líka af því að maður barðist mikið fyrir því sjálfur að farið yrði af stað með forvarnir hjá körlum. Mottumars var átak sem var ekkert sjálfgefið að yrði framkvæmt.

Núna hef ég reynt það persónulega hversu gríðarlega mikils virði það er að hafa félag eins og Krabbameinsfélag Íslands og önnur sambærileg mannúðar- og líknarfélög. Þau gera þessu þjóðfélagi ómetanlegt gagn. Sérstaklega langar mig svo að þakka Styrktarfélagi krabbameinsjúkra barna,“ segir Gústaf.

Besta sjúkratryggingin

„Besta sjúkratryggingin sem þú færð er að fylgjast sjálfur með eigin líkama og þekkja helstu einkenni sjúkdóma á borð við

krabbamein. Vera meðvitaður, vegna þess að í flestum tilfellum lætur líkaminn þig vita með einhverjum hætti. Ef þú þekkir einkennin og fylgist með líkama þínum, þá er það mjög góð sjúkratrygging. Ég hef sjálfur hitt marga karlmenn sem brugðust við áreitinu vegna Mottumars og greindust í framhaldinu með mein mun fyrr en annars hefði verið. Ef einkenni vara lengur en þrjár vikur, þá ber að láta athuga það.

Ég hef óskaplega mikla trú á forvörnum. Ég held að við myndum leysa mörg vandamál og spara samfélaginu ómælda fjármuni, fyrir utan það að bæta lífsgæði og bjarga mannlífum, ef við myndum sinna þeim betur,“ segir Gústaf Gústafsson.

– Hlynur Þór Magnússon.

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Hér á ég heima!

Anna Gunnlaugsdóttir er Eyfirðingur að uppruna, fædd á Brattavöllum á Árskógströnd, en hefur búið á Ísafirði frá því hún var rétt að fylla átján árin haustið 1964. Þá kom hún til að stunda nám í Húsmæðraskólanum Ósk, kynnist eiginmannsefni sínu Ólafi Njáli Guðmundssyni og hér er hún enn, fjórum börnum, tólf barnabörnum og einu langömmubarni seinna. Blaðamaður kíkti í heimsókn til hennar á Urðarveginn og þegar hann gengur í flughálfu frá bílastæðinu og upp að húsinu kemur yngsta barnabarn hennar skoppandi út eftir að hafa verið inni í hlýjunni hjá ömmu.

Þegar inn er komið skenkir hún kaffi og dregur fram nokkra súkkulaðimola og vandræðast yfir því að hún skilji ekki af hverju við viljum fá hana í viðtal, hún hafi ekkert merktilegt að segja. Annað kemur auðvitað á daginn og blaðamaður fær að heyra af uppvextinum í Eyjafirðinum, vetrinum í Húsmæðraskólanum, tilhugalfínu, fólkinu í hennar lífi sem var tekið svo ungt og án fyrirvara, þar með talinn eiginmaður hennar sem fórst aðeins 42 ára gamall, hún segir frá jólu æskunnar og lífinu á Ísafirði til dagsins í dag.

Missti móður sína aðeins fimm ára

Foreldrar hennar voru Freygerður Guðbrandsdóttir ljósmóðir og Gunnlaugur Sigurðsson útvegsbóndi. Þau áttu sex börn á sautján árum og er Anna yngst í systkinahópnum. Bæði Anton yngsti bróðir hennar og Sigurður sá elsti létust úr krabbameini langt fyrir aldur fram. Hún á síðan einn bróður í Hafnarfirði og tvær systur sem búa báðar fyrir norðan.

„Mamma dó úr krabbameini þegar ég var bara sex ára gömul. Ég man nú ekki mikið eftir henni, hún var svo mikið í burtu á sjúkrahúsi undir það síðasta. En ég man svona eitt og eitt, til dæmis einhvern tímann rétt fyrir ein jólin kom pabbi með hana heim á snjóþíl vegna mikillar ófærðar og svo man ég eftir því þegar hún deyr. Það var 1953 í ágúst að mig minnir, árið sem Svenni bróðir fermist. Við vorum þá þrjú sem vorum á og undir fermingaráldri.

Ég man hins vegar meira eftir föðurömmu minni, sem bjó á

heimilinu hjá okkur, en hún hafði dáið fyrr þetta sama ár. Ég man að ég fór inn til hennar á hverjum morgni þegar ég vaknaði, ég var held ég í dálitlu upphaldi hjá henni. Hún tók í nefið og tóbaksdollan hennar var bara dropaglas og hún átti líka alltaf kamfóru. Það er dálítið sérstök lykt af kamfórunni og ég get enn þann dag í dag fundið hana ef ég ætla mér, lyktina af kamfórunni og tóbakinu. Ég man líka að ég var stundum að færa henni harðfisk og hangiflot, storkið hangiflot ofan á harðfiskinn,“ segir Anna og hlær að skelfingarsvip blaðamanns.

Rjúpur í skiptum fyrir Valash og epli um jólin

Eins og áður segir var Gunnlaugur faðir Önnu útvegsbóndi en það þýddi að hann bæði reri til fiskjar og var með sauðfjár- og kúabú sem elsti bróðir hennar stjórnaði. „Pabbi kom bara heim endrum og eins, á milli þess sem hann reri frá Litla-Árskógssandi á sínum eigin báti. Það má eiginlega segja að hann hafi verið meira svona eins og gestur þegar hann kom heim. Hann var líka frekar dulur maður og átti örugglega ofboðslega erfitt eftir að mamma dó. En hann var góður maður og reglusamur og okkur skorti aldrei neitt, en við gerðum heldur ekki miklar kröfur. Pabbi dró björg í bú, ætli það væri ekki kallað sjálfbær búskapur í dag, því nánast allt sem lenti á okkar diskum kom frá pabba. Við áttum alltaf í soðið, nóg af fiski, hnísu, svartfugli og mjólk, til dæmis.

Svo er gaman að segja frá því að þegar ég var krakki, þá gengu Siggí bróðir og pabbi mikið til rjúpna. Fóru kannski snemma að morgni og maður beið spenntur eftir því að þeir kæmu heim eftir myrkur, báðir klyfjaðir af rjúpum. En þær væru sko ekki borðaðar heima, aldeilis ekki. Pabbi fór með þær fyrir jólin inn í kaupfélag og lagði fenginn þar inn og kom svo heim með eplakassa, Valash (appelsín), sveskjur, rúsinur, hveiti, sykur, matarkex, eiginlega svona lúxusvörur. Þetta var agalega flott þegar hann kom með til baka allt þetta, ég tengi þessar vörur enn í dag við jólin. Mér finnst líka alveg dásamlegt að hugsa til þess að þarna skuli þessir menn hafa gert þetta bara til þess að geta gert okkur glaðan dag yfir jólin, þetta var eins og gull. Mann langaði svo að opna Valashflöskuna, vissi samt að það mátti ekki, en laumaðist stundum niður og lyktaði upp úr epla-

kassanum í geymslunni. Það var svo gaman að vita af þessu öllu þarna þó maður mætti ekki snerta það.

Það sem ég minnst líka úr æsku og er svolítið skemmtilegt, er að pabbi fór ævinlega dálítið seint að þrifa niður í kjallara á aðfangadag. Það var kjallari undir öllu húsinu sem þurfti að sópa hátt og lágt. Manni fannst alveg hræðilegt þegar pabbi var að fara að sópa kannski klukkan þrjú og ætlaði aldrei að verða búinn til að fara upp og í sparifötin. Hræðilega löng bið, spennurinn hjá okkur krökkunum var alveg svakalegur! Bíða eftir hangikjötnu, bíða og bíða og bíða. Þetta er dálítið dásamlegt. Þetta var bara pabbi og var bara venja, og alltaf hangikjöt á aðfangadag og jóladag, og fleiri hundruð kökur af laubabrauði bakaðar fyrir jólin.“

Ung kaupakona gekk systkinunum í móðurstað

Eftir að mamma Önnu lést réð faðir hennar að minnsta kosti tvær ráðskonur til heimilisins næstu tvö árin og segir Anna það mikla lukku að þau systkinin hafi fengið að alast upp saman en ekki verið send sitt í hvora áttina í fóstur. „Við þurftum aldrei að fara og það var eiginlega bara dásamlegt. Systur mínar voru þá báðar búnar að stofna sitt heimili, Lauga að Krossum á Árskógströnd og Kristín á Akureyri.

Síðan kemur ung kaupakona heim, Soffía Heiðveig Friðriksdóttir, og Siggí bróðir var ekki lengi að krækja í hana,“ segir hún og hlær. „Hún gekk okkur auðvitað má segja í móðurstað. Hún og Siggí gifta sig svo 1956 og eignast fyrsta barnið sama ár. Þú getur ímyndað þér hvað það hefur verið mikið fyrir unga stúlku að raunverulega taka að sér þrjá krakka innan við fermingu, það er ekkert lítið!“

Anna elst upp í sveitinni, gekk í Árskógsskóla frá níu ára aldri og var þá viku í skólanum og viku heima til skiptis. „Við löbbuðum þá í skólann, kannski 5 kílómetra leið, þannig að þetta var heillangur gangur. Þegar ég var búin með skyldunámið fór ég inn á Akureyri að vinna, þá um sextán ára, og vann í ullarverksmiðjunni Gefjun á daginn og fór svo á kvöldin og vann í Heklu sem var þrjónaverksmiðja. Síðan kem ég hingað vestur í Húsmæðraskólann 1964.“

Minnist Húsmæðraskólans með þökk og hlýju

Anna byrjaði þá um haustið í Húsmæðraskólanum Ósk á Ísafirði og bjó á heimavist skólans. Hún minnst þessa vetrar með miklu þakklæti og hlýju og það lifnar yfir henni allri þegar hún segir sögur úr skólanum. „Þetta var heilmikið fjör, enda 42 stelpur og allar á aldrinum 18-20 ára, þú getur rétt ímyndað þér! Og allar að skottast með hinum og þessum strákum og allt sem því fylgir,“ segir hún og hlær.

„Þessi vetur var hrein dásemd, það var svo gaman. Og fyrir mig, svona sem sveitastelpu sem hafði aldrei raunverulega verið neitt, hvað á ég að segja, aldrei verið að skemmta sér, var þetta mikið upplifelsi að koma hér í þennan bæ, með öllum þessum stelpum og öllum þessum strákum og öllu því lífi sem því fylgdi, allt þetta fjör. Þótt við mættum ekki vera úti á kvöldin nema á laugardögum og sunnudögum til miðnættis og fengjum útivist á milli fimm og sex virka daga, þá komum við inn og svo var kominn kvöldmatur og handavinna eftir það, þá var alltaf glens og gaman, það var verið að tala um hinn strákinn og þennan strákinn, bara alveg eins og í dag. Ójá, og strákarnir stálast inn og stelpurnar stálast út. En ég var svo mikill hugleysingi að ég þorði aldrei að gera það,“ segir hún og flissar.

„Ég er ekkert viss um heldur að mig hafi yfirleitt langað til þess, því ég var svo sáttn við þetta öryggi sem ég fann. Þarna komstu og hafðir allt til alls, þurftir ekki að hafa áhyggjur af neinu, bara mættir í þína tíma og vannst þitt verk vel, gerðir allt sem þú áttir að gera, þannig að ég held mig hafi ekkert langað til þess að brjóta skólareglur. Ég braut reyndar einu sinni reglur og mér þótti það alveg grábölvad!“ segir hún alvarleg en úr augunum skín kímni.

„Þorbjörg [Bjarnadóttir skólaláttýra] var yndisleg kona og við lærðum svo mikið af þessum góðu konum sem voru þarna, Þorbjörgu, Hjördísi Hjörleifs og Rannveigu Hjalta og fleirum. Þorbjörg hafði margar reglur og við máttum til dæmis ekki ganga í fötum af hver annarri og við máttum alls ekki vera með tyggjó inni og svona eitthvað fleira. Nema hvað, einu sinni kem ég arkandi eftir ganginum og voða gaman hjá mér, með tyggjó og sprengi kúlur alveg eins og úr hríðskotabyssu. Kemur ekki Þorbjörg: „Anna mín! Hvað ert þú að gera?“ Ég hugsa að ég gleymi því aldrei! Og ég þurfti að setja

kross upp á töfluna, þar var svona blað þar sem merkt var inn á ef maður braut reglurnar, þannig að ég fékk strik í kladdann. Mikið rosalega skammaðist ég mín! Þetta var svo týpískt fyrir mig, í mínum eigin heimi, sprengjandi kúlur með tyggjóinu mínu. Sérðu mig ekki í anda?“

Hún telur að þær hafi allar haft gott af aganum sem haldið var uppi í skólanum. Þær máttu einungis vera úti í klukkutíma á dag og þetta hafi í raun verið vinna frá klukkan átta á morgnana til hálf tíu á kvöldin. „Við vorum bara lúnar, það var skóli allan daginn, bæði verklegt og bóklegt. Við máttum vera úti til tólf á laugardögum og hálf tólf á sunnudögum og svo var haldið ball einu sinni í mánuði til klukkan tvö og vanalega vorum við svo þreyttar að við vorum bara fegnar að komast heim. Ég minnst þessarar skólaveru minnar alveg með einstöku þakklæti fyrir þá innsýn í lífið sem Þorbjörg gaf okkur, að þurfa að taka tillit til hinna sem voru þarna, hafa þennan aga, og já, öryggið var mikið. Það var haldið vel utan um okkur, þetta var æðislegt, bara eitt orð yfir það, og ég bý endalaust að því.“

Töffarar á Moskvítum

Fljótlega eftir að Anna kemur til Ísafjarðar kynnist hún Óla sínum. Hún hafði þó vitað af honum áður en hún kom því Hákon bróðir hans var giftur frænku hennar. „Svo var það fyrsta vetrardag að haldið var ball í Alþýðuhúsinu. Þá komu þessir gaurar þarna sem voru nú dálitlir töffarar, áttu Moskvítbíla sem eru rússneskir og voru aðalmálið í þá daga. Nú jæja, ég fer eitthvað að tala við þennan strák og eitthvað svona bara eins og gengur.

Áður en við vissum af var bara orðið úr þessu par, bara allt í einu orðin par og þannig bara var það. Það er eiginlega ekki hægt að útskýra það neitt öðruvísi,“ segir hún.

Stundum er amma bara best

Anna og Óli gifta sig haustið 1965, ári eftir að hún kom vestur, og fyrsta barnið fæddist vorið 1966. „Við eignuðumst fjögur börn sem öll eru búsett hér á Ísafirði í dag og nú eru komin tólf barnabörn og eitt barnabarnabarn,“ segir hún og ljómar öll af stolti. „Ég er rosalega heppin með að börnin mín eru öll hér, og meðan þau eru með vinnu hér, þá heyrir mér ekki vera neitt fararsnið á þeim. Ég veit eiginlega

ekki hvað ég á að segja, mér finnst það náttúrulega bara forréttindi að hafa þau öll hér og ekki síður að ég hef átt gott samband við öll barnabörnin líka, alveg einstaklega góð samskipti. Þau eru nú ekki öll hér ennþá, þau fimm elstu eru flogin úr hreiðrinu og úr bænum, en ég tala mikið við þau í síma og í gegnum gegnum tölvupósta og Facebook og svona. Það er svo gott fyrir mig og heldur mér gangandi. Og ég held að það sé svolítið gott fyrir þau líka að geta talað við kellinguna, stundum er amma bara best,“ segir hún.

Inn á milli þess sem Anna eignast börnin vann hún á hinum ýmsu stöðum, meðal annars á vefstofu Guðrúnar Vigfúsdóttur, þar sem líkamsræktarstöðin Stúdíó Dan er núna. Þá vann hún í frystihúsinu og svo í skólbúð Leós. „Það var dásæmdin ein að vinna þar. Ég vann þar með Ás-laugu Þorleifsdóttur, Gústa Leós og Kristjáni bróður hans. Þetta var svo gaman, og Guð hvað mann langaði að kaupa alla skóna! En maður nú lét duga að máta þá. Síðan vann ég í frystihúsinu um tíma, þá í Björnsbúð í mörg ár og fer svo þaðan yfir á sýsluskrifstofuna 1990 þar sem ég er enn í dag.“

Dóri ÍS 213 ferst með tveimur mönnum

Margan setti hljóðan að kveldi 14. febrúar 1989 þegar fregnir bárust af því að rækjubátsins Dóra ÍS væri saknað. „Óli átti rækjubát og var ekki búinn að eiga hann lengi, kannski tvö ár þegar hann ferst. Hann fékk Ægi Ólafsson rækjusjómann til liðs við sig því Óli sjálfur var ekki vanur rækjuveiðum og vildi ná sér í reynslu með því að fá vanan mann sem skipstjóra á bátnum til að byrja með. Þannig að Óli var í raun bara háseti.

Þennan dag fer ég niður í bæ um klukkan fjögur og kem við í Gullauganu hjá vinkonu minni sem var að vinna þar. Ég var sem sagt á leiðinni

heim úr vinnu og þá var bara fínt veður. Ég stoppa þar í einhverja stund, en þegar ég kem út er komið brjáláð veður, alveg kolvitlaust, og ég bara flýti mér heim. Nema svo er ég eitthvað að væflast heima og var eitthvað þínu óróleg. Ég lít út um stofugluggann og sé hvar Júlíus eða einhver af þessum stærri togurum fer út úr höfninni, og þá svona laust í huga minn „bíddu nú við, eitthvað hefur nú skeð“. Fannst þetta eitthvað öðruvísi en það átti að vera. Þarna hefur klukkan verið um átta um kvöldið. Þá kemur Eiríkur Böðvarsson, sem átti rækjuverksmiðjuna á Ísafirði, í gættina hjá mér og spyr mig hvort ég hafi heyrt eitthvað í Óla.

Um leið og ég sá Eirík vissi ég alveg hvað hafði skeð. Ég bara vissi það, þó maður auðvitað hafi reynt að halda í vonina, en ég vissi undir niðri að þarna hafði skeð eitthvað. Sem kom svo auðvitað á daginn,“ segir hún.

Óli hafði náð að fara í björgunarhring

Við tók erfiður tími hjá Önnu og börnunum. Yngri stelpurnar voru tólf og sextán ára og bjuggu enn heima en tvö þau elstu höfðu stofnað sín eigin heimili. „Þetta var líka ofsalega erfitt fyrir mömmu hans Óla. Já, þetta var erfiður tími. Það var vitað að báturinn hafði farið niður á vondum stað þar sem hann gæti verið á togslóð eða eitthvað því-umlíkt.

Um einni eða tveimur vikum eftir að báturinn ferst var farið með einhvers

konar myndavél niður til að sjá hvar hann lægi. Þá fundu þeir Óla minn. Hann hafði verið búinn að setja sig í björgunarhringinn en var fastur við bátinn. Þeir náðu honum svo upp eftir nokkuð margar atrennur. Þannig að hann á sinn legstað inn frá, var jarðaður rúmlega mánuði eftir að hann lést. Það var dálítið gott fyrir okkur öll að hann skyldi finnast, ég held að það sé vont að vita ekkert.“

Ákveðin að láta ekki bugast

Anna er þarna 42 ára gömul, einu ári yngri en Óli var. Það komst ekkert annað að hjá henni en að standa sig og hún var ákveðin í því að hún skyldi ekki láta bugast. „Ég skyldi standa mig gagnvart börnunum mínum og

ég skyldi standa mig gagnvart tengdamömmu minni. Auðvitað var hún móðir mín líka eiginlega. Frá því ég kem svona ung og fer að koma inn á heimili þeirra, þá vorum við alltaf rosalega nánar og við töluðumst við á hverjum einasta degi, og eftir að hún veiktist fór ég til hennar á hverjum degi. Það leið aldrei dagur að við vissum ekki af hvor annarri. Þetta var bara eðlilegur hlutur, þetta var mitt verkefni að hugsa um þessa gömlu konu sem var mér eins og móðir og óskaplega góð við krakkana og óskaplega góð manneskja. Ég var rosalega heppin með tengdaforeldra, þau voru dásæmdin ein.“

Nokkrum árum áður en þetta gerist varð Guðmundur tengdababbi hennar bráðkvaddur og telur hún sig ekki hafa verið búna að ná sér eftir þann missi þegar

Óli ferst. „Við Guðmundur vorum rosalega miklir vinir og vorum mjög nán. Hann var mér eins og faðir, alveg eins og tengdamamma var mér sem móðir. Við gátum tekist á en vorum alltaf jafnmiklir vinir fyrir það. Það var mér svakalega erfitt þegar hann dó, hann fór líka svo snögglega.

Þabbi deyr síðan ári á eftir tengdababba. Það var mér svolítið erfitt því mér fannst ég aldrei hafa haft tækifæri til að kynnst honum nægileg vel. Já, þessi ár voru gríðarlega erfið. Enn þann dag í dag hef ég ekki náð að syrgja. Ég held að það sé ekki gott. Þetta var gríðarlegt högg, það er kippt undan manni fótunum í einni svipan, allt sem maður hafði ætlað að gera er bara úti. Og það eina sem maður hugsaði um var að maður ætti bara að standa sig, koma börnunum sínum á legg og hlutirnir bara urðu að ganga.

Maður lærir bara að lifa við þetta en það er ekki þar með sagt að maður sé sáttur, en þetta er verkefni sem manni var ætlað að takast á við og maður breytir því ekki. Óli er reyndar oft með í ráðum, ef svo má segja. Hann var ofboðslega stríðinn og gat komið manni upp á háa c-ið á augabragði, og stundum þegar við fjölskyldan gerum að gamni okkar, þá er hann nefndur. Hann var líka ofsalega góður heimilismaður, handlaginn með eindæmum og gerði allt sem þurfti að gera, hvort sem það var fínlegt eða hvað, gerði við bílinn og var vanalega skítugur upp fyrir haus,“ segir hún.

Mikil samheldni felst í því að vera í kór

Anna hefur verið syngjandi frá því hún man eftir sér og hún er sífellt raulandi fyrir munni sér hvort sem hún er á gangi, við vinnu eða annað. Árið 1979 fór hún að syngja með Sunnukórnum á Ísafirði



og segist hafa kynnst þar mörgu góðu fólki. „Mér þykir mjög vænt um Sunnukórinn. Hann er elsti blandaði kór á landinu og verður 80 ára á næsta ári. Ég man að 1980 frumfluttum við Mold og daga eftir Jónas Tómasson yngri í Alþýðuhúsinu. Mér hefur alltaf fundist það svolítið merkilegt, enda hafði ég aldrei kynnst svona tónlist og var viss um að þetta gæti ég nú aldrei lært, en reyndin varð önnur. Mér þykir reyndar alltaf gaman að syngja lög eftir Jónas því þau koma manni alltaf á óvart.

Ég reyni að fara á alla tónleika sem heimakórar halda. Það er svo gaman og maður upplifir sig svolítið sjálfur í gleðinni þegar maður er að hlusta og horfa á 50-60 karla uppi á sviði, eða blandaðan kór eða kvennakór eða hvað sem er, þegar maður er áheyrandi. Sjá fallega klætt fólk með bros á vör syngjandi kannski alveg hundleiðinlegt lag en það er samt svo gaman því maður veit hvað fólkið hefur lagt á sig. Að læra lagið sem það er að syngja, sem kannski einhverjum út í sal þykir hundleiðinlegt, æfa það mörgum sinnum. Það er svo mikil samheldni sem felst í því að vera í kór og það gerir þú ekki nema þú hlustir á náungann, hlustir á hina sem eru með þér í kórnum. Og það að hlusta á aðra og taka tillit til annarra, það er bara æðislegt. Ég hef þó sungið með hléum

með kórnum.

Þegar Óli minn fyrst hætti ég að geta sungið, bara gat það ekki. Ég reyndi en það kom ekkert upp úr mér. En svo lagaðist það smám saman og 2005 fór ég að syngja með kirkjukór Ísafjarðarkirkju og þar finnst mig mjög vel og þar á ég marga góða vini,“ segir hún.

Skíðin dásamleg fjölskylduþrótt

Flestir sem Önnu þekkja vita að öll fjölskyldan eins og hún leggur sig hefur verið dugleg að renna sér niður brekkurnar á skíðum í gegnum árin. Anna minnst þess að þegar hún var yngri hafi þau systkinin rennt sér á skíðum sem pabbi þeirra smíðaði. „Það voru engar venjulegar bindingar á þeim heldur bara teygja yfir tærnar og aftur fyrir og við gengum stundum lengst upp í fjall til að komast í brekkur og þar vorum við að æfa okkur að stökkva og svona, þannig að ég var með skíði á löppunum alveg frá því ég var krakki. En kom svo ekki nálægt skíðum á mínum unglingsárum og eitthvað fram eftir. En Óli náttúrulega ólst upp við að fara í Stóruðina og var alltaf á skíðum.

Svo þegar krakkarnir okkar eru að komast á legg og Guðjón, okkar elsti, var kannski níu ára, þá fer hann að stunda skíði uppi á Seljalandsdal. Á þessum tíma áttum við heima á Hlíðarveginum og þar var vinur hans Rúnar Jóna-

tansson sem átti tvo eldri bræður sem tóku þá oft með sér á skíði. Óli fór líka oft með honum og sömuleiðis Freyja mín. En svo þegar Hanna og Heiða stálpast fór ég að fara og þetta þróaðist bara einhvern veginn þannig að við vorum alltaf á skíðum. Heiða mín var til dæmis ekki nema tveggja eða þriggja ára þegar hún var farin að renna sér sjálf niður brekkurnar.

Anna segir að í þá daga hafi öll vikan farið í að skipuleggja að það væri búið að gera það sem þyrfti að gera, til dæmis að læra eftir skóla, svo hægt væri að halda upp á Dal í brekkurnar ef veðrið væri gott. „Þannig voru allir vetur og það var alveg dásamlegt og ég held að krakkarnir mínir búi að því enn í dag. Þau minnst þessa tíma með pabba sínum uppi á Dal og þegar hann var að fara með þeim í keppnisferðalög og þetta og hitt. Þetta var hans líf og yndi á veturna. Þannig að börnin alast upp við þetta, sem svo smitaðist yfir á barnabörnin. Þetta er náttúrulega bara dásamleg fjölskylduþrótt, hvort sem það eru göngu- eða svigskíði, það skiptir ekki máli, bara að fólk sé saman.

En ég sjálf er reyndar hætt fyrir löngu. Eftir að Óli fyrst, þá fílaði ég aldrei að fara upp á Seljalandsdal, það vantaði alltaf eitthvað. Og svo fór náttúrulega snjóflóðið á lyfturnar þarna um árið. Mér hætti að líða vel þarna.

„Um leið og ég sá Eirík vissi ég alveg hvað hafði skeð. Ég bara vissi það, þó maður auðvitað hafi reynt að halda í vonina, en ég vissi undir niðri að þarna hafði skeð eitt-hvað. Sem kom svo auðvitað á daginn.“

Ég var ekki alveg sátt, svo ég var ægilega glöð þegar Tungudalurinn var byggður upp sem skíðasvæði þó svo sumum finnst það ekki eins spennandi og Seljalandsdalurinn. En mér finnst Tungudalurinn svo dásamlegt útivistarsvæði, sumar sem vetur. Svo fallegur, það fallegasta sem ég veit.“

Þykir vænt um samfélagið á Ísafirði

Anna segist oft hafa verið spurð hvort henni hafi aldrei dottið í hug að flytja frá Ísafirði, en svarar því einfaldlega; „Hvers vegna? Hér á ég heima, þetta er mitt bæjarfélag og mér þykir afskaplega vænt um þetta samfélag. Ég vona svo innilega að hér verði næg atvinna og umhverfið verði áhugavert til að unga fólkið okkar geti komið aftur heim og alið börnin sín upp hér inni á milli fjallanna.“ – *harp* @bb.is



FÉLAG OPINBERRA STARFSMANNA Á VESTFJÖRÐUM

ÓSKAR FÉLAGSMÖNNUM SÍNUM OG LANDSMÖNNUM ÖLLUM GLEÐILEGRAR JÓLAHÁTÍÐAR

MEGI KOMANDI ÁR FÆRA YKKUR FARSÆLD OG FRÍÐ



F.O.S. Vest.

Félag opinberra starfsmanna á Vestfjörðum. fosvest@fosvest.is
Aðalstræti 24 • 400 Ísafjörður • Sími 456-4407





Hólmfríður Vala Svavarsdóttir hóteltjóri afhenti Ingibjörgu blóm og gjafabréf.

Þúsundasta smur- brauðið afgreitt

Þúsundasta danska smurbrauðið á þessu hausti var afgreitt hjá veitingastaðnum Við Pollinn á Hótel Ísafirði í síðustu viku. Það var Ingibjörg Heiðarsdóttir sem pantaði það þúsundasta og var við það tilefni afhent blóm og gjafabréf. „Það hefur verið brjálað að gera hjá okkur þessa aðventuna í smurbrauðinu,“ segir Halldór Karl Valsson matreiðslumeistari. Fjöldi fólks hefur það fyrir fastan sið að fá sér ekta danskt smurbrauð með góðu jólaöli á þessum tíma en vinsældir þess hafa farið stigvaxandi með hverju ári. Smurbrauðsvertíð-

inni lýkur með hinu sívinsæla skötu- og smurbrauðshlaðborði á Þorláksmessu.

„Þá verður eins og venjulega ýmislegt í boði og allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi hvort sem það er kæst skata, saltfiskur, grjónagrautur, plockfiskur eða smurbrauð,“ segir hann. Aðspurður hvernig jólahlaðborðin hafi gengið segir hann fullt hús hafi verið á öllum hlaðborðunum. „Vikingur Kristjánsson er veislustjóri og söngfuglinn Salóme Katrín Magnúsdóttir syngur fyrir gesti við undirleik Kristínar Hörpu Jónsdóttur.“ – harpa@bb.is

HIN EINA OG SANNA KONFEKT TERTA

GÓMSÆT & SÍGILD FRÁ KJÖRÍS



KOMIN Í
VERZLANIR



www.kjoris.is

Vestfirðingur vikunnar

er Agnes Ásgeirsdóttir, sjúkraliði við Heilbrigðisstofnun Vestfjarða

Hvað ertu að gera þessa dagana?

Þessir dagar, aðventan, finnst mér með skemmtilegustu dögum ársins. Þá reyni á að dreifa mér sem mest og gleðja sem flesta, gef í einn og einn skó útvaldra bæjarbúa, eitthvað sem ég hef dundað mér við að búa til og jafnvel efna gefin loforð, jólast, þrifa sem minnst, baka smá, skreyta sem mest.

Hvaða fjögur orð lýsa þér best?

Frekar óvenjuleg, dugleg, ágæt, mis virk.

Hvernig færðu útrás fyrir gremju?

Blóta í hljóði, einstöku sinnum upphátt, fer í ræktina, svita út allan óþverran. Hef þó lítið þurft að fara þangað undanfarið.

Gleðileg bíójól
★ Ísaðararbið ★
Elsta samfelld starfandi bíó á Íslandi
FYRIR JÓL, UM JÓLIN OG NYÁR

ANCHORMAN 2
THE LEGEND CONTINUES
FD 20 - LD 21 - SD 22 DES KL 8

ISL TAL
Disney
FROSINN
SYND BÆDI
LD 21. DES KL 3 Í 2D OG SD 22. DES KL 3 Í 3D

3D
HOBBIT
2. 3. 4. JÓLUM KL 8 OG 2. JAN KL 8

ISL TAL
RISAÐLURNAR
LD 28. DES OG SD 29. DES KL 3

LEONARDO DICAPRIO
MARTIN SCORSESE
THE WOLF OF WALL STREET
29. 30. DES OG 1. JAN KL 8

MITTY
3 - 4 - 5 - 6 JAN KL 8

JÓLASTUDIÐ ER Í KRÚSINNI
DJ JB
LAUGARDAGSKVÖLDIÐ 27. DESEMBER
23.00 - 03.00 16+

Í hvernig klæðnaði líður þér best?

Craft fötin frá honum Bobba eru mjög þægileg og svo auðvitað fötin í Jóni og Gunnu. Fer eftir aðstæðum.

Hver er mesta eftirsjá þín í lífinu?

Engin eftirsjá. Á mér enn framtíðardrauma enda enn á besta aldri.

Hver er óvenjulegasta lífsreynsla sem þú hefur lent í?

Að vera viðstödd fæðingar nöfnu minnar Agnesar Ásthildar og sonardóttur í febrúar og að klöngrast upp á Hvannadalshnjúk.

Hefurðu komplexa?

Hárið aldrei eins og ég vil hafa það, læt alltaf klippa það áður en síðhærði draumurinn rættist.

Hver er besta kvikmynd allra tíma?

Stella í orlofi, án umhugsunar.

Hvernig Facebook-týpa ertu?

Like og like mikið og broskarla og hjarta týpan. Öruglega óþolandi virk.

Hvað fer mest í taugarnar á þér?

Það er nú ekki margt, en þó er það held ég trúar ofstæki og stjórnsæmi.

Hefur þú gert uppreisn?

Já ég strauk úr pössun sem mér var komið í þegar ég var barn, frá Görðum í Öndarfirði. Ætlaði á puttunum heim í Hnífsdal en var fljótt snúið við, en flest var leyfilegt eftir það, uppreisn þar með óþörf.

Hver er eftirlættis bók þín?

Flugdrekahlauparinn eftir Khaled Hosseini.

Áttu þér óuppfylltan draum?

Já, á enn eftir að fara sem Au pair til annars lands.

Hvernig bregstu við höfnun?

Fer eftir efninu, gæti farið í smá fýlu en kem mér fljótlega niður á jörðina aftur.

Hver er þín versta martröð?

Stríð og hatur.

Hvert er helsta takmark þitt í lífinu?

Að vera betri á morgun en í dag, halda heilbrigði og bregðast rétt við í þeim aðstæðum sem ég er hverju sinni.

Hvenær og hvar ertu hamingjusömust?

Nafn:

Agnes Ásgeirsdóttir

Aldur:

Fædd 5. mars 1962 og er því 51 árs.

Atvinna:

Ég er sjúkraliði og vinn í heimahjúkrun hjá Heilbrigðisstofnun Vestfjarða.

Stjörnumerki:

Fiskur.

Maki:

Snorri G. Bogason.

Börn:

Ásgeir Þór og Jóakim og á ég líka mikið í Kristjönu Millu, Bergsveini og Ingu Siggú.



Með mínu fólki, vanda-
mönnum og vinum hvar sem
er. Elska fjallgöngur og aðra
útiveru.

**Hver er besta setning eða
orðtak sem þú hefur heyrt?**

Vertu til er vorið kallar á
þig. Mín túlkun: Vertu til staðar
ef einhver þarf á þér að
halda.

**Hvaða fræga persónu
mundir þú vilja vera og af
hverju?**

Ef einhver þeirra getur eytt
stríði væri ég til í að vera sú

manneskja.

**Hvar er fallegast á Vest-
firðum að þínu mati?**

Ísafjörður 1. janúar um há-
degisleiði séða ofan úr
Naustahvilt. Útsýnið frá Horn-
bjargi og marga staði mætti
telja.

**Hvar er fallegast á landinu
öllu (fyrir utan Vestfirði)?**

Að koma gangandi af
Fimmvörðuhálsi inn í Þórsmörkina er ólýsanlega fall-
egt, allt umhverfið þar er
upplifun.

**Hvaða stað í heiminum
langar þig til að heimsækja?**

Kína og Ástralíu.

**Ertu bjartsýn(n) á framtíð
Vestfjarða?**

Já frekar.

**Hvað skortir á Vestfirði að
þínu mati?**

Fólk með kjark og þor og
mörg jarðgöng.

**Hvernig hljóma síðustu
SMS-skilaboð sem þú fékkst
í símann þinn?**

Takk mamma mín.

Starfsfólk Isavia óskar öllum landsmönnum
gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári

GLEÐILEG JÓL

Það hafði verið mikið átak að flytja frá Reykjavík til Svansfjarðar. Allir vinir og kunningjar bjuggu syðra. Það gerðu foreldrar hennar einnig, sem ekki höfðu verið glöð að hún skyldi fara með börnin svona langt í burtu frá Hafnarfirði. Þaðan var stutt til Reykjavíkur en langt til Svansfjarðar. Hvað var það svo sem í Svansfirði sem heillaði? Sennilega ekkert. Hún vissi ekki svarið sjálf, vildi bara komast í burt frá erfiðleikum og vandræðum, sem ekki voru á hennar ábyrgð.

Faðir hennar og móðir áttu erfitt með að skilja þetta val, enda fór hún í snatri. Hún hafði fengið nóg af skuldum eftir að Sigbarður hætti að borga í samræmi við skilnaðarskilmála þeirra fyrir tveimur árum. Eins og það væri nú ekki nógu erfitt að vera með tvo unglunga á framfæri. Bæði Sædís og Bárður áttu erfitt með að sætta sig við það að vera hrifin úr umhverfi sínu svona snögg. Þau voru tvíburar og nýlega orðin fimmtán ára.

Elzta dóttirin Guðfríður var tíu árum eldri og hafði nýlega lokið lögfræðiprófi með góðum árangri

og lítillækkuðu hana. Ástgerður hafði velt því fyrir sér að fara með málið lengra innan lögreglunnar, en ein fárra kvenna sem náð höfðu því að komast í yfirmannsstöðu innan lögreglunnar, og hafði eitt sinn lagt fram formlega kvörtun, réð henni frá því. Róðurinn yrði bara erfiðari í framhaldinu. Hún hafði fylgt þessu ráði þó að stundum hefði það verið erfitt. Smám saman höfðu mál þróast með þeim hætti að áreitnin og ómerkilegar athugasemdir vegna þess að hún væri kona hættu, og þegar hún tók ákvörðunina um að flytja sig var allt í góðu gengi. Hún var hugmyndarík og óheft ímyndunarafli hennar varð til þess að hún sá oft fleti við rannsókn mála sem aðrir höfðu ekki komið auga á.

Sigbarður varð heldur verri við hana eftir því sem hróður hennar jókst innan lögreglunnar. Enn var hann óbreyttur í stóru endurskoðunarfyrirtæki sem hét Virk endurskoðun ehf. og hafði þjónustað bankana fyrir hrun og var síðan víkið til hliðar smám saman. Draumar hans um að verða meðeigandi

rannsókn. Drápið hafði verið frekar óhuggulegt en sá sem drap hafði þrifið ótrúlega vel eftir sig. Málið leystist og hún vissi hvers vegna og ekki skemmdi fyrir að aðrir vissu það líka.

En það fór ekki svo, að hún þægi boð um starf í efnahagsbrotadeildinni. Að gerast rannsóknarlögreglumaður í Svansfirði varð fyrir valinu. Hún hefði hins vegar orðið afar góð í rannsókn efnahagsbrota með nákvæmni og þrautseigju sína að leiðarljósi, en það yrði ekki í bráð.

Þegar Sigbarður hafði ekki staðið við sitt stefndi hún honum og krafðist þess að skiptin á félagsbúi þeirra yrðu tekin upp og nú skyldi skipt til helminga, allar eignir yrðu undir og hún fengi sitt. Viðbrögðin urðu hastarlegri en nokkurn hefði mátt gruna. Ekki að henni brygði við brjálæðið í Sigbarði, heldur hitt, að Guðfríður snerist gegn henni af öllu afli, hótaði að tala aldrei við hana framar og hún myndi styðja föður sinn í því að fá fulla forsjá yfir tvíburunum. Núna

heita Sigurður í höfuðið á föður hans.

Sigbarður varð æfur þegar hún flutti vestur í Svansfjörð með tvíburana og reyndi allt til að fá þau til að neita að fara. Henni þótti vænt um að þau hefðu valið að fara með henni þrátt fyrir allt. Hún vissi hins vegar ekki þá, að þau vildu alls ekki vera nálægt nýju kærustunni föður síns, sem var mikil tízkudrottning og teppti þaðherbergið nærri klukkutíma kvölds og morgna, svona til þess að útlit hennar bæri nú engan sjáanlegan skaða hvorki af vöku né svefni.

En hún hafði gert ein alvarleg mistök. Sædís var lík móður sinni að því leyti að útlitið skipti hana ekki öllu, miklu frekar var það hreinlætið og það að vera alltaf klár í slaginn, ef svo má að orði komast. Kæranast, sem hún man aldrei hvað heitir, reyndi að þrýsta eigin snyrtivörunotkun upp á Sædís. Það var til að reka smíðshögggið á verkið að fæla hana frá sér. Eftir það vildi Sædís hvorki

gjaldþrot. Það var vonlaust að ræða málin við yfirmennina. Þeir tóku henni reyndar alltaf vel, en lok viðtala voru á þann veg að svona væru nú hlutirnir hérna úti á landi og það þyrfti að gæta þess að ganga ekki fram af íbúunum með of miklum krafti. Allir þekktu alla og lögreglan vissi því nánast alltaf hverjir brytust inn og hverjir stælu bílum. Hér hefði enginn verið drepinn lengi og slagsmál frekar fátíð og venjulega leyst manna á milli án þess að til kæru kæmi.

En svo kom útkall vegna meints heimilisofbeldis. Vaktafandi varðstjóra þótti öruggara að kalla til rannsóknarlögreglumann. Aðkoman var víst ljót og börn á heimilinu og þó að Ástgerður væri ekki á vakt taldi varðstjórinn, ung kona að sunnan sem búið hafði þrjú ár í Svansfirði, að hún væri betur til þess fallin en lögreglufulltrúinn að rannsaka málið. Sjálfsagt var það rétt hjá henni, þótt lögreglufulltrúinn væri reyndar glúrnari en hún hafði haldið fyrst. Blóðslettur voru víða um íbúðina og verið var

Kærleikans jól

og fengið starf á einni af stóru lögfræðistofunum í Reykjavík, sem hét Aldarlögmenn. Henni fannst að Galdralögmenn hefði verið fremur við hæfi, enda gæti þetta hæglega verið misritun og vinnubrögðin voru meira í líkingu við ómerkilega galdra og hallærisleg töfibrögð. En Guðfríður var hrifin af nýja starfinu og talaði mikið um það hvað þeir væru klárir, strákarnir á stofunni.

Já, Ástgerður hafði valið að skipta algerlega um stefnu og yfirgefa höfuðborgarsvæðið þegar svik Sigbarðs höfðu gert út af við möguleika hennar að greiða af blokkaríbúðinni sem hún fékk við skilnaðinn fyrir tveimur árum. En Sigbarður hafði ekki látið af sínum lífsstíl þótt hún gæti ekki ímyndað sér hvernig hann færi að. Hann bjó enn í einbýlishúsinu í Garðabæ og hafði flutt inn til sín stílu sem var litlu eldri en Guðfríður. Hún var víst líka með einhvers konar viðskiptafræðimenntun. Þar hafði kjaftur skel. Sigbarður hafði margsinnis, einkum í seinni tíð, gert gys að konu sinni fyrir menntunarskort. Hún væri bara lögregluskólagengin og hefði ekkert lært af viti. Engu virtist skipta þótt hún hefði náð því að verða lögreglufulltrúi í stærsta liði landsins.

Það hafði ekki verið auðvelt að ná svo langt. Konur áttu mjög á brattann að sækja innan lögreglunnar og komust ógjarna í yfirmannsstöður. Henni hafði gengið vel og unnið sér traust strákanna, hægt og bítandi. Það hafði ekki alltaf verið auðvelt, síður en svo. Endalaust gerðu þeir grín að henni

dofnuðu í samræmi við lækkaði flug stofunnar og þegar rykið fór að setjast nokkrum árum síðar lá Virk endurskoðun undir sterkum grun um að hafa verið fremur óvirk við endurskoðun Bænda- og sjávarbankans, sem fékk heitið Ísbankinn eftir hrun.

Á tímabili leit út fyrir að viðfangsefni rannsóknardeildarinnar sem hún starfaði í yrði að rannsaka endurskoðunina sem Sigbarður vann hjá. Það hafði verið henni þungt og erfitt umhugsunar og ráðið ákvörðun hennar að flytja sig ekki yfir í nýtt saksóknaraembætti sem ætlað var að rannsaka fjármálamisferli fyrir hrun. En út af fyrir sig hafði það verið sigur að fá þetta boð. Það þýddi að í yfirstjórn lögreglunnar voru menn sem höfðu trú á henni. Þá hafði hún gert sér grein fyrir því að hún gæti ráðið við flest verkefni sem upp kæmu.

Vönduð vinnubrögð hennar höfðu orðið til þess að í manndrápsmáli þar sem enginn var grundaður hafði hún ekki látið af þrjúzku sinni að leita í íbúðinni þar sem hinn látni fannst fyrir en hún hafði fundið tvennt, snífsi af eldhúsbrefi með snýtu í og nokkra þræði úr gulum sokk, að því er helzt virtist. Eftir nána rannsókn höfðu þau fundið samsvörun við DNA úr bréfinu, og þrátt fyrir neitun og að málið gæti litið betur út, þá skipti sköpum þegar hún fann gula sokkarið heima hjá grunuðum manni. Allt gekk upp og Ásgerður fékk sérstakt hrós fyrir dugnað og útsjónarsemi. En það var ekki bara að finna þetta tvennt, sem dugði. Aðalbaráttan stóð um að sannfæra yfirmenn um að láta snýtuna í dýra

höfðu þau sameiginlega forsjá. Ástgerður hafði haldið að með því að gefa eftir bæði um eignaskipti og forsjá gengi skilnaðurinn fyrr og léttar fyrir sig. Því hafði ekki verið að heilsa. Þvert á móti reyndi Sigbarður að ganga á lagið.

Núna hafði hún fengið nóg, miklu meira en nóg. Sædís og Barði höfðu náð því að sættast við skólann í Svansfirði og eignast vini og vinkonur. Stundum kvörtuðu þau undan því að allt væri ómögulegt í þessu tiltölulega litla sveitarfélagi, engar almennilegar búðir og bara eitt bíó. Þá svaraði hún að það skipti ekki máli. Þau væru hvort ed er alltaf að horfa á eitthvað í tölvunni. En það bætti mikið úr skák að þau höfðu bæði farið að æfa með Íþróttafélagi Svansfjarðar, Barði með körfuknattleiksdeildinni og Sædís með sunddeildinni.

Smám saman fækkaði kvörtunum þeirra og klögum. Auðvitað vissi Ástgerður að þau fóru á mis við eitt og annað í höfuðborginni, einkum umgengni við afa sína og ömmur, en föðurforeldrar þeirra höfðu aldrei haft miklar mætur á þeim. Þau sáu hins vegar ekki sólina fyrir Guðfríði og höfðu tudað mikið yfir því af hverju þau væru að eiga annað barn, sem reyndar urðu tvö, í stað þess að hún færi í háskóla til þess að verða sæmandi Sigbarði manni sínum. Þá hafði hún ekki tekið eftir óheyrilegu snobbinu í tengdaforeldrum sínum. Þau höfðu þó fengið nafnið á Guðfríði, sem hét eftir föðurömmu sinni. Sædís hlaut nafn móðurömmu sinnar og Sigbarður var alltaf full yfir því að Barði skyldi ekki

heyra hana né sjá og neitaði að heim-sækja föður sinn nema nafnlausu kæranast væri fjarverandi.

Að sjálfsögðu fækkaði heim-sóknum tvíburanna til föðursins í framhaldinu. Barði var sáttur við að Sædís væri leiðtögin og réði mestu, nema þegar að því kom að velja tónlist. Hann talaði sjaldan um föður sinn og var fljótari Sædís að fella sig við Svansfjörð. Hægt og bítandi komu þau sér fyrir í leigubúð í Svansfirði og lífið komst í fastar skorður.

Þá gerðist nokkuð sem Ástgerður hafði engan veginn séð fyrir. Hún kom jú til þess að taka við starfi óbreytts rannsóknarlögreglumanns tímabundið meðan líf hennar eftir skilnaðinn og næstum því gjaldþrot vegna svika Sigbarðs var að komast í fastar skorður.

Það var að sumu leyti erfitt að vera snögglega lítils ráðandi í fimmtán manna lögregluliði, sem vann á allt annan hátt en hún var vön. En hún hafði valið og varð að taka því sem að höndum bar. Vinnutíminn var langur og launin þess vegna ekki fjarri því sem áður var. Að vísu taldi hún að rétt væri að skipuleggja starf lögreglunnar í Svansfirði betur. Lögreglufulltrúinn var gamall í hettunni og hafði sérskoðanir á flestu. Þær samræmdust ekki því sem hún hafði lært í Lögregluskólanum og meðtekið í fyrra starfi sínu.

Oft velti hún því fyrir sér hvort það hefðu verið mistök að flytja vestur. Við nána umhugsun sagði hún sjálfri sér að þetta yrði ekki nema árið, hún væri laus við íbúðina í Reykjavík og yfirvofandi

að flytja konuna á sjúkrahús og síðan líklega áfram suður. Fulltrúi frá barnaverndarnefnd var mættur og var að tala við börnin ásamt konu sem hún hafði ekki séð fyrr.

Það var presturinn. Ástgerður fór eldsnögg yfir húsið og aðeins eitt herbergi bar ekki ummerki átaka. Það var herbergi yngsta barnsins á heimilinu, tveggja ára telpu, sem sat stjórf í fangi prestsins. Frá henni heyrðist ekki hljóð, ekki grátur, þó að þornuð tár væru á kinnum. Augu barnsins störfu tömlega út í loftið án þess að sjá neitt. Þó að presturinn vaggði henni blíðlega var svipurinn stjarfur. Tvö börn stóðu hjá og grétu í hljóði. Fulltrúi barnaverndarnefndar reyndi að tala við þau, hugga þau og segja þeim að mömmu þeirra myndi batna. Þetta voru tveir drengir, sem seinna kom í ljós að voru 7 ára og 11 ára gamlir. Tárin streymdu niður vangahins yngra. Sá eldri beit saman vörum og reyndi að stöðva grátinn og tautaði svo: Ég hélt að pabbi ætlaði að drepa mömmu. Meira sagði hann ekki.

Frammi í eldhúsi sat heimilisfaðirinn. Þegar Ástgerður hafði fengið allar nauðsynlegar upplýsingar um atburði fór hún aðra yfirferð og tók ljósmyndir af ummerkjum. Margt hafði hún séð, en fátt eins ómurlegt og þetta. Heimilið var í rúst. Þetta var ljótara en í manndrápsmálinu með gulu sokkana. Þar hafði þó sá sem seinna var dæmdur þrifið eftir sig. Hér þurfti ekki ímyndunaraflið til að sjá að konunni hafði verið hent til og frá. Sums staðar voru blóðslettur á veggjum. Í minningunni var þetta eitt af



Ólafur Helgi Kjartansson, fyrrum skattstjóri og síðan sýslumaður á Ísafirði og nú sýslumaður á Selfossi, hefur um langt árabil ritað jólasögur í Bæjarins besta. Sú fyrsta birtist í jólablaði BB árið 1986 og síðan hafa sögur hans birst árlega að undanskildum árunum 1992 og 1993. Hér birtist nýjasta jólasaga Ólafs Helga „Kærleikans jól“.

Því versta sem hún gat hugsað sér.

Þetta kvöld varð líka afdrifaríkt með öðrum hætti, eins og síðar kom í ljós. Afdrifaríkt á þann hátt sem hún hefði aldrei getað ímyndað sér. Það fór ekki fram hjá henni að presturinn var fær í sínu starfi og gekk betur að eiga við börnin en barnaverndarmanninum, en núna voru fleiri komnir á vettvang. Það var einhver sérstakur friður yfir prestinum og börnin róuðust smám saman meðan Ástgerður reyndi að ræða við húsbóndann á heimilinu, sem sat handjárnaður á stól og tveir lögreglumenn stóðu yfir honum. Annar þeirra hafði á orði að hann hefði haldið að þetta myndi aldrei gerast. Hinn sagðist hafa varað við þessu lengi en barnaverndin hafði ekki sagt geta neitt frekar en lögreglan.

Í fyrstu var eins og hinn handjárnaði vaknaði við þegar hún byrjaði að tala við hann, hreytti út úr sér svívirðingum og blótaði sambýlskonu sinni í sand og ösku.

Síðan dró af honum og hann grét og sagðist sjá eftir öllu saman. Þegar helztu skýringar voru komnar fram ákvað hún að nóg væri komið. Verið var að fara með börnin í vistun, hún vissi ekki hvert. Þá kom presturinn fram í eldhús og sagði rólega við grátandi manninn á stólnum: Þetta fór illa Haraldur minn, og ekki orð meira. Hann féll saman og grét hástöfum þegar presturinn sagði að nú færi hann í fangaklefa. Augu hans urðu tóm líkt og barna hans áður: Ég get það ekki, ég þoli það ekki.

En hjá því varð ekki komizt. Presturinn, sem hún vissi núna að hét Elena Björg, sagðist skyldu fylgja honum í fangaklefan og tala við hann. Þær urðu samferða fanganum í lögreglubílnum og hann var bókaður inn í klefa. Elena bað um að kallað yrði í lækni. Varðstjórinn sagði að þeir á vaktinni væru uppteknir vegna konunnar og Elena bað hann um að hringja þá í bróður sinn lækinn sem væri heima hjá henni í heim-

sókn og biðja hann að koma strax.

Ástgerður hóf að rita skýrslu og vista ljósmyndir í tölvu og leita upplýsinga um Harald. Hann var vel þekktur hjá lögreglunni, aðallega fyrir ölvun og óspektir. Stundum hafði hann slegið menn illa. En hinir börðu fyrirgáfu honum ávallt enda greiddi hann skaðabætur fullur iðrunar. Það orð hafði legið á honum að hann „bankaði“ konuna sína, sagði varðstjórinn. Þó hafði lögreglan aðeins tvisvar farið heim til þeirra vegna kvartana um heimilisofbeldi. Konan hafði ekki viljað kæra og nágrannar tóku aldrei eftir neinu.

Ástgerður hugsaði með sér hvernig þetta gæti staðizt. Hún fann ekkert í skrár nema tvær bókanir um heimsókn lögreglu, án þess að nokkuð kæmi fram um hvers vegna farið var heim til þeirra. En það bið morguns að greiða úr því. Hún stóð upp til þess að fara heim. Barði og Sædís voru fyrir sunnan og ekkert beið hennar heima. Það yrði gott að komast í rúmið.

Á leið út úr dyrunum kom Elena á eftir henni og spurði hvort hún vildi ekki koma aðeins heim með sér og ræða málin. Þar sem ekkert sérstakt beið þáði hún það. Íbúð prestsins var einstaklega falleg og allt í röð og reglu. Henni leið vel þarna inni og þær spjölluðu margt, fyrst um atburði liðins kvölds og um aðdragandann, sem Elena virtist vita talsvert um. Þó að Haraldur væri ofbeldisfullur undir áhrifum áfengis var þetta eitthvað sem enginn hafði búizt við. Bróðir hennar hafði farið upp á sjúkrahús og sem betur virtust skurðir vera grunnir og aðeins vinstri handleggur brotinn, fyrir utan marbletti sem þöktu líkamann meira og minna. Ekki væri vitað hverjar afleiðingar högga á höfuðið yrðu, en það yrði rannsakad betur á morgun fyrir sunnan. Börnin væru komin til góðs fólks sem var tilbúið að hafa þau fram yfir jól. Aumingja börnin, hugsaði Ástgerður. Þau ættu erfiða tíma í vændum. Á morgun yrði hún að hafa allar skýrslur klárar. Lögfærðingur embættisins myndi vafalaust vilja fara fram á gæzluvarðhald yfir Harald.

Henni hafði ekki liðið svona vel árum saman. Nærvera Elenu hafði þessi áhrif á hana og hún vildi helzt ekki fara heim til þess að vera þar ein um nóttina. En hana hafði ekki grunað hvernig þetta útkall myndi enda.

Jólin eru að koma eftir tvo daga og börnin farin suður til þess að verja umsömdu kvöldi aðfangadags með föður sínum. Þau höfðu reyndar verið fremur treg til. Aldrei þessu vant hafði Ástgerður hvatt þau mjög og bent þeim á að þau gætu átt góðan tíma hjá afa sínum og ömmu í Hafnarfirði, hitt vini og kunningja og komið síðan endurnærð heim aftur. Þegar þau spurðu hvers vegna hún kæmi ekki með vafðist henni tunga um tönn en bar við miklu vinnuálagi vegna ýmissa mála sem hún væri að rannsaka sem lögreglumaður.

Í rauninni átti hún ekki svörin

við þessum spurningum sjálf. Hún vildi losna við að hitta Sigbarð. Hún kveið því að þurfa hitta Guðfríði dóttur sína sem var algerlega á bandi föður síns og hringdi af og til á lögreglustöðina til þess að skamma móður sína fyrir að vilja ný eignaskipti. Pabba hennar veitti ekki af því sem hann hafði fengið. Þau ætluðu að gifta sig, kannski um jól, sú nafnlaus og Sigbarður. Allar óþægilegar minningar frá sambúðarárum þeirra myndu vakna á ný. Það hefðu orðið vond jól.

Hún velti því fyrir sér hvað hefði komið fyrir Guðfríði. Það skipti sennilega engu. Þó að ást hennar til elztu dótturinnar væri enn sterk varð talsvert að breytast til að þær hittust. Að auki var víst að foreldrar hennar myndu spyrja nærgöngulla spurninga um einkalíf hennar. Við því átti hún ekki svör heldur. Hún hafði ætlað að fara líka og vera með foreldrum sínum, en núna treysti hún sér ekki og vildi frekar vera í Svansfirði um jólin. Margt brautz um í huganum. Henni líkaði æ betur við Elenu, sem einnig var fráskilin, þó að hún gæti ekki komið orðum að því hvað það væri sem dró hana að prestinum. Auðveldara hefði verið að skýra það bæði fyrir sjálfri sér og öðrum, foreldrum og börnum, ef presturinn væri karlmaður eða ef það hefði verið bróðirinn myndarlegi, lækirinn.

Hugur hennar hvarflaði að því hvernig jólin yrðu hjá börnum Haraldar og Geirþrúðar. Þau voru hjá góðu fólki hér í Svansfirði. Geirþrúður hafði farið í Kvænnaathvarfið í Reykjavík og fengið að auki sálfræðiaðstoð eftir að hafa gengið til geðlæknis.

Haraldur gekk laus en beið þess að ákæra á hendur honum fyrir gróft heimilisofbeldi yrði tekin fyrir. Presturinn hafði séð til þess að hann fékk að hitta börnin undir eftirliti og þær höfðu báðar verið viðstaddir í þessi tvö skipti ásamt fulltrúa barnaverndarnefndar. Þar hafði Ástgerði orðið enn ljósara hvílíka mannkosti Elena Björg hafði til að bera. Auðvitað var mikið grátið og ljóst að Haraldur átti við mikla erfiðleika að stríða og þurfti ekki síður hjálp en Geirþrúður. Hún var ekki í boði og hans beið sennilega fangelsi, sem var honum kvíðvænlegt. Hann hafði haft góðar tekjur sem sjómaður. Núna höfðu líka flestir snúið við honum baki, sem áður báru af honum blak. Það er afar sérstakt hvernig mannskepnan getur snúizt eins og vindhani í skoðunum og hegðun.

Ekki átti hann annan stuðning en frá prestinum og Ástgerði fannst umburðarlyndið stundum um of. En þar var kærleikurinn, líkt og Kristur hafði boðað en alltof fáir tileinkuðu sér. Elena Björg hafði fengið Ástgerði til þess að velta fyrir sér trúnni á nýjan leik. Það hafði hana ekki grunað þegar hún flutti vestur. Hvar stóð hún núna sjálf? Hugsanir hennar voru sennilega ekki mjög kristilegar þegar þær beindust að Elenu, enda hafði hún gist þar margar nætur.

Engu að síður höfðu þær rätt

margt og ljóst var að þær áttu margt sameiginlegt, áttu báðar fyrrverandi eiginmenn og núverandi börn, sem myndu alltaf fylgja þeim. En myndu þau gera það þegar öllu yrði á botninn hvolfi? Ástgerður velti því fyrir sér hvort hið auma líf með Sigbarði væri ef til vill eftirsóknarvert. En til slíks lífs vildi hún ekki snúa þótt hún hefði tækifæri til.

Sem betur fer var nóg að gera fram að jólum og hún hafði lofað að vera á bakvakt yfir hátíðarnar, lögreglufulltrúanum til mikillar gleði. Hann átti von á börnum og barnabörnum til sín um jólin. Það myndi halda henni upptekinni að vera á bakvaktinni. Elena yrði líka að sinna ófnuðinum og messa meira og minna alla jólahátíðina og fram á nýtt ár. En væri það ekki bara frestun á því óhjákvæmilega, að taka af skarið, sætta sig við það hvert hugur hennar stefndi, og taka afleiðingum, hverjar sem þær yrðu?

Um kvöldið myndi hún fara á adventukvöldið í kirkjunni og sitja aftarlega eins og venjulega þar sem lítið bæri á og hlusta af athygli á það sem presturinn hún Elena hefði að segja. Hugur hennar var reyndar enn bundinn af þessari vondu heimsókn á heimili Haraldar og Geirþrúðar. Það kom henni í raun verulega á óvart að hafa sjaldnast leitt hugann að því hvernig fórnarlömbum og gerendum reiddi af eftir slíka ógn, sem heimilisofbeldi alltaf er. Hvernig gat gott og vont tekist svona harkalega á og leitt til góðs fyrir einn en ekki annan?

Hugsanir Ástgerðar voru á reiki og hún vissi ekki hvert hún stefndi með líf sitt, en það var eitthvað sem heillaði og ýtti undir vellíðan hennar. Svona hafði henni ekki verið innanbrjóst frá því að tvíburarnir voru börn í reifum. Hvað skyldu þau segja, nú eða þá foreldrar hennar?

Í kirkjunni um kvöldið hlustaði hún af athygli á Elenu, sem talaði um kærleikann og hversu mikilvægt það væri að fólk tileinkaði sér hann, ekki sízt um jól. Umburðarlyndinu mætti fólk alls ekki gleyma frekar en því að sýna meðbræðrum og systur skilning og fordómar ættu ekki heima með kristnu fólki. Einnig minnti hún á baráttu kristinna í Róm til forna og hvernig þeir voru ofsóttir. Ofsóknir af ýmsu tagi ættu sér stað enn í dag, jafnvel á Íslandi nútímans. Gegn þeim, en fyrir kærleika, ættum við öll að berjast, og fyrir rétti fólks til að lifa lífi sínu með þeim hætti sem það kysi, svo fremi það yrði ekki öðrum til skaða.

Hugur Ástgerðar fór á flug. Hana sundlaði. Hún varð að taka ákvörðun. Hún mundi gera það, hafði kannski þegar gert það. Vissi núna hver sú ákvörðun var. Þær myndu verja saman öllum frítíma sínum um jólin og áramótinu og leggja línur að framhaldinu og upplýsa ástvini og berjast saman fyrir kærleika öllum til handa.

Þetta yrðu gleðileg jól. Framtíðin beið þeirra – óvænt, erfið, og vonandi líka gleðileg.

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Hafnarstræti 19 • Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Hafnargötu 80 • 415 Bolungarvík

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Hafnarstræti 1 • Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Suðurgötu 12 • Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

Fiskur á diskinn

Sjávarfang ehf

Sími 456 4400
Sindragötu 11 - 400 Ísafirði



Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Klofningur ehf.

Aðalgötu 59 • Suðureyri

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Aðalstræti 26 • Þingeyri

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Grundarstíg 5 – Bolungarvík

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



**Innheimtustofnun
sveitarfélaga**

Hafnarstræti 1 • Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Árnagötu 2-4 • Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Sýslumaðurinn á Ísafirði

Hafnarstræti 1 • Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Sundstræti 45 • Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Fréttastofa RÚV – Landinn

Sjómenn í Verk Vest !



Aðalfundur sjómannadeildar Verk Vest
verður haldinn 26. desember í húsi
félagsins Pólgötu 2 á Ísafirði kl. 14.00.

Dagskrá:

1. Kosning deildarstjórnar
2. Staðan í samningamálum
3. Önnur mál

FLUGELDASALA BJÖRGUNARSVEITANNA

Félagsheimilinu Hnífsdal

Opið sun. 29. des. 13-22
mán. 30. des. 13-22
þri. 31. des. 10-16



MUNIÐ HLÍÐARGLERAUGUN



Boltinn í beinni...

Laugardagur 21. desember

kl. 12:45 Liverpool - Cardiff
kl. 15:00 Man. Utd - West Ham
kl. 15:00 Crystal P - Newcastle
kl. 15:00 WBA - Hull

kl. 15:00 Stoke - Aston Villa
kl. 15:00 Fulham - Man City
kl. 15:00 Sunderl. - Norwich
kl. 17:30 Millwall - Middlesbr.

Sunnudagur 22. desember

kl. 13:30 South.pt. - Tottenham
kl. 16:00 Getafe - Barcelona
kl. 16:00 Swansea - Everton
kl. 20:00 Valencia - Real M.

Mánudagur 23. desember

kl. 20:00 Arsenal - Chelsea

Fimmtudagur 26. desember

kl. 12:45 Hull - Man. Utd.
kl. 15:00 Everton - Sunderland
kl. 15:00 Chelsea - Swansea

kl. 15:00 Newcastle - Stoke
kl. 15:00 Cardiff - South.pton
kl. 15:00 West Ham - Arsenal
kl. 15:00 Tottenham - WBA

kl. 17:30 Man. City - Liverpool

kl. 19:45 Nottingham - QPR

Laugardagur 28. desember

kl. 12:45 West Ham - WBA
kl. 15:00 Hull - Fulham

kl. 15:00 Aston V. - Swansea
kl. 15:00 Norwich - Man. Utd
kl. 15:00 Man. City - Crystal P
kl. 17:30 Cardiff - Sunderland

Sunnudagur 29. desember

kl. 13:30 Everton - South.ton
kl. 13:30 Newcastle - Arsenal
kl. 16:00 Chelsea - Liverpool
kl. 16:00 Tottenham - Stoke

Mánudagur 1. janúar

kl. 12:45 Swansea - Man. City

kl. 15:00 South.pton - Chelsea

kl. 15:00 Liverpool - Hull

kl. 15:00 Fulham - West Ham

kl. 15:00 Arsenal - Cardiff

kl. 15:00 Stoke Everton

kl. 15:00 WBA - Newcastle

kl. 17:30 Man. Utd - Tottenham

Helgarveðrið

Horfur á föstudag:

Suðlæg átt, 8-13 m/s og dálítil el, en gengur í NA 13-18 m/s með snjókomu eða slyddu. Frost víða um land.

Horfur á laugardag:

Vestlæg átt með eljagangi vestantil, en bjartviðri eystra. Áfram svalt í veðri.

Horfur á sunnudag:

Útlit fyrir suðvestlæga átt, úrkomulítið og svalt veður.

Krossgátan

	Jón Steingr.	↖	Lín	Hópur	↖	Skoði Þjálf	Maður	↖	Fugl-inum
			Horfi	Galli			Eins		
	⇒			⇕			⇒		
Sefar Skáldar						>			
Stafur						Grýla			
Ákøf						Kallar			
Tónn			Þjálf-unin					Einn	
Rómur			Tjónið					Sömu	
↖					Skóli Vökvi		>		
					Á fæti				
Röð				Gamla mynt					
				Ílát					
Á fæti				Aldan				Tala	
Hreyfa				Stafur			↓	Óska	
Spurn									
↖					Mynt		Hlána		Samtök
							Efni		
↖						Loga			
						Hreyfði			
Við-frægja	↓	Átt	Bor		Skapa				
			Dugnað		Flókt				
Fyrstur			Flakkinu						
Setur			Tré				↓		Gengin
↖				Flókti			Tónn	Tónn	
				Verur			Fuglum	Stóra menn	
Skikkju Gr.staf. Ær	↘				↗	Rispa			
Stafur	Skip				Hress	Hljóm			
↖									
↖									
↖			Vísu Ryki						
			Sérhlj.						
Geisla-baug								↘	Æði
Fugl									

H.V. UMBOÐSVERSLUN ehf
Suðurgötu 9 • 400 Ísafjörður • Sími 456 4666 • Netfang hekla.vestfj@hafsteinn.is

66°N
SEXTU OG SEX NORÐUR

Sjóvinnufatnaður
Stígvél og vettlingar

Þjónusta í heimabyggð 1983-2013

HG HRADFRYSTIHÚSIÐ-GUNNVÖR HF.
- sjálfbær nýting sjávarauðlinda



Jón Steingr.					D			E		F	
	B	E	T	R	I	⇒	E	R	↗	R	S
	E	I	R	A	N	A	F	N	B	Ó	T
	S	M	Á		G	N	Á		I	M	I
	T	A	S	A	L	D	I	Ö	Ð	U	R
	↓		S	P	I	L		L	↓	Á	Ð
R	E	K		R		Á	L	V	E	R	
	R	E	V	Í	A	T		A	N	A	R
	↘	I	L	L	U	↗	Æ	Ð	↓	N	Ý
H	Ó	L		A		A	R	A	B	A	R
	S	A	M	L	Í	F	I		R		A
V	I	N		V	Í	L	N	J	Á	L	
	G	Á	F	A		O		Ó	Ð	A	N
D	U	G	U	R		K	E	R	R	U	R
	R	Æ	Ð	A	N	I	N		Æ	M	T
		T	R		I	Ð	N	A	Ð	A	R
S	Ó	T	A	S	T		I	Ð	I	Ð	Ú

Sudoku þrautir

					1		3	9
2					9	5		
5		3		4	6			
	3	8				2		
			4		8			
		4				8	5	
			6	8		7		5
		9	5					2
7	2		9					

			7			5		
		7		8			9	
5		9			2			7
				5		9		4
	4			3			8	
7		8		1				
4			8			6		9
	8			7		3		
		3			9			

Rólegt hjá bílasölum

Rólegt er hjá bílasölum á Ísafirði um þessar mundir, en jafnan er minna um að vera á því sviði að vetri. „Það er samdráttur í sölu á öllu landinu,“ segir Bergmann Ólafsson hjá Bílatanga ehf., sem bætir því við að erfitt sé að tala um sölu hér á svæðinu. „Þetta eru svo fáir bílar hér að það þarf ekki mikið til að prósentutalan verði há. Það er frekar rólegt, en ekkert verra hér en var í fyrra. Þegar það er hækkanandi sól þá er fólk bjartsýnna, og svo dregst þetta saman á haustin. Þannig hefur þetta alltaf verið, við getum ekkert horft á þessi ár frá 2005 til 2007, en þá var bara brjáluð sala alla mánuði ársins.“

Hafsteinn Vilhjálmsson, sem annast söluumboð Heklu á Ísafirði samhliða umboðsverslun sinni, segir að haustið hafi verið sémilega líflegt í sölu á notuðum bílum. „Þetta er líflegra en í fyrra, allavega hérna megin frá séð. Þetta er náttúrulega svo lítið að það þurfa ekki að vera nema tveir til þrír bílar til að það skipti máli.“

Margir nýta sér dreifnám

Vestfirðingum sem leggja stund á nám í framhaldsskóla fjölgaði lítillega frá 2011 til 2012, samkvæmt því sem fram kemur í tölum sem Hagstofan birti á dögunum, en þar er fjöldi nemenda í framhaldsskóla 1. október hvert ár borinn saman við fólksfjölda á hverju svæði. Samtals voru framhaldsskólanemar með lögheimili á Vestfjörðum 598 haustið 2011, en 601 haustið 2012. Um þriðjungur þess hóps er eldri en 20 ára.

Haustið 2011 sóttu hundrað, 16 ára nemendur á Vestfjörðum framhaldsskóla, en þeim fjölgaði í 106 árið eftir. Engu að síður lækkaði hlutfall 16 ára sem sóttu framhaldsskóla úr 94,3% í 93%. Þetta snerist við hjá 17 ára nemendum, en þeir höfðu verið 105 árið 2011 en voru 99 árið 2012. Þrátt fyrir það reis hlutfall 17 ára á Vestfjörðum sem innritaðir voru í framhaldsskóla úr 86,1% í 91,7%. Mest breyting varð á fjölda 20 ára framhaldsskólana á Vestfjörðum, en fjöldi þeirra ríflega tvöfaldaðist.

Menntaskólinn á Ísafirði er eini framhaldsskólinn sem hefur aðsetur á Vestfjörðum, en að auki eru framhaldsdeildir á Patreksfirði og Hólmavík. Um 300 nemendur stunda nám við MÍ, og því greinilegt að það eru margir á Vestfjörðum sem nýta sér dreifnám á framhaldsskólastigi.

Þjónustuauglýsingar

JAKOB VALGEIR EHF
Grundarstíg 5
415 Bolungarvík
450 7700

BÍLAVERIÐ ehf
Hjólbarðapjónusta
Smurpjónusta
Smáviðgerðir
Sindragötu 14 • 400 Ísafirði
Sími 456 3501 • www.bilaverid.is

Öll almenn húsmíði
Bolungavík
456 7080 • 893 9362 • 690 1060
Umboðsaðili fyrir
GLERBORG

Fréttir og upplýsingar um réttindi og kjör á vinnumarkaði
www.verkvest.is
VERK VEST

ENDURSKOÐUN
VESTFJARÐA ehf
Sími í Bolungarvík 450 7900
Sími á Ísafirði 450-7910
Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður

Bílasala
456 3800
Bílaverkstæði
456 4580
BÍLATANGI HF.
ÍSAFIRÐI
Suðurgötu 9

Kampi EHF
Rækjuvinnsla:
Sindragötu 1 • 400 Ísafjörður • Sími: 450 4000
Fiskvinnsla:
Hafnargötu 90 • 415 Bolungarvík • Sími 450 7507 / 863 2600

BROTAJÁRN
Þarftu að losna við brotajárn?
Tökum á móti brotajárni og útvegum gáma undir það.
Sími: 456 3710
gamarvest.is



GLEÐILEGA HÁTÍÐ!

Við óskum þér og þínum gleðilegra
jóla og farsældar á komandi ári.



Starfsfólk Norðuráls



JÓNSSON & LE'NACKS • Júlís • SÍA